




LANDSSAMBAND HESTAMANNAFÉLAGA

(A)

Almennar reglur um keppni





ALMENNAR REGLUR UM KEPPNI EFNISYFIRLIT

A1	Siða- og hátternisreglur	4
A1.1	Kynning	4
A1.2	Siðferðisyfirlýsing	4
A1.3	Siðareglur: velferð hestsins	5
A1.3.1	Almenn velferð	5
A1.3.2	Klár í keppni (e. Fitness to compete)	5
A1.4	Heilbrigðisreglur	6
A1.5	Siðareglur: heiðarleg keppni og hestaíþróttir	6
A1.6	Brottvikning fulltrúa	7
A2	Knapar, dómarmenn og aðrir starfsmenn	8
A2.1	Knapar	8
A2.1.1	Almennt	8
A2.1.2	Stundvísi	8
A2.1.3	Ábyrgð	8
A2.1.4	Löglegir knapar	8
A2.1.5	Knapar með fötlun	8
A2.1.6	Hjálmar	8
A2.1.7	Um knapa í íþróttakeppni	9
A2.1.8	Um knapa og umsjónarmenn hrossa á kynbótasýningum	9
A2.2	Dómarmenn	9
A2.2.1	Íþróttadómarmenn	9
A2.2.2	Kynbótadómarmenn	9
A2.3	Starfsmenn	10
A2.3.1	„Ring master“	10
A2.3.2	„Ring steward“	10
A2.3.3	Þulur	10
A3	Íslenski hesturinn	11
A3.1	Lýsing á íslenska hestakyninu	11
A3.2	Lýsing á gangtegundum *	12
A3.2.1	Fet	12
A3.2.2	Brokk	14
A3.2.3	Stökk	16
A3.2.4	Tölt	18
A3.2.5	Skeið	20
A3.3	Upprunavottun	21
A3.4	Opinber alþjóðlegur gagnagrunnur: worldfengur feif/bí	21
A3.5	Skráning og einstaklingsauðkenning hestsins	21
A3.6	Skrásetjaranefnd feif worldfengs	21
A4	Framkvæmd lyfjaprófa	22
A4.1	Heimild	22
A4.2	Lyfjaeftirlit í hestaíþróttum	22
A4.3	Dæmt úr leik og viðurlög	22
A5	Mót	23
A5.1	Feif mót – almenn skilgreining	23
A5.2	Heimsmeistaramót	23
A5.3	Önnur mót íslenska hestsins	23
A5.3.1	Mið-evrópska meistaramótið	23
A5.3.2	Norðurlandamót	23
A5.3.3	Worldranking viðburðir	24
A5.3.4	Feif kynbótasýningar	24



ALMENNAR REGLUR UM KEPPNI EFNISYFIRLIT

A6	Heimsmeistaramót	24
A7	Löglegir hestar	25
A7.1	Útlit hestsins	25
A7.2	Meðhöndlun og þjálfun hestins	25
A7.3	Aldur hrossa	25
A7.3.1	Þátttökuréttur hrossa í kynbótasýningum	25
A7.3.2	Keppnisréttur	25
A8	Reiðtygi	26
A8.1	Hnakkar	26
A8.2	Mél og beislabúnaður	26
A8.2.1	Leyfileg mél og beislabúnaður í kynbótasýningum	26
A8.2.2	Leyfileg mél og beislabúnaður í íþróttakeppni	26
A8.2.3	Leyfileg mél og beislabúnaður	26
A8.3	Járningar	27
A8.3.1	Járning hesta í kynbótasýningum	27
A8.3.2	Járning keppnishesta	27
A8.3.2.1	Lengd hófa	27
A8.3.2.2	Skeifur (hefðbundnar skeifur úr járn)	27
A8.3.2.3	Aðrar tegundir af skeifum (aðrar en skeifur úr járn)	28
A8.3.2.4	Endurjárning	28
A8.4	Aukabúnaður	28
A8.4.1	Pískar	28
A8.5	Hlífðarbúnaður	28
A8.5.1	Hlífðarbúnaður í kynbótasýningum	28
A8.5.2	Hlífðarbúnaður í íþróttakeppni	28
A8.5.2.1	Járninga- og hlífaskoðun	29
A9	Vellir	30
A9.1	Vellir fyrir kynbótasýningar	30
A9.2	Vellir fyrir íþróttakeppnisgreinar	30
A9.2.1	Hringvellir og lýsing á velli	30
A9.2.2	Skeiðbraut og lýsing á völlum	30
A9.2.3	Keppnisvellir á heimsmeistaramótum	30
A10	Andmæla- og agareglur	31
A10.1	Almennar grundvallarreglur	31
A10.2	Úrskurðarnefnd	31
A10.2.1	Kynbótasýningar	31
A10.2.2	Íþróttakeppni	31
A10.2.3	Heimsmeistaramót	31
A10.3	Reglur um yfirdómnefnd og aganefnd á fyrsta dómstigi	31
A10.3.1	Kærur á mótum	32
A10.4	Áfrýjun til áfrýjunarnefndar FEIF	33
A10.5	Áfrýjun í heimaríki	33
A10.6	Hagsmunárekstrar í kynbótasýningum	33
A11	Viðauki 1 - Siðareglur	33
A11.1	Siðareglur fyrir dómara á WorldRanking mótum	33
A11.2	Siðareglur fyrir dómara á Heimsmeistaramótum	33



ALMENNAR REGLUR UM KEPPNI

Reglur þessar (Almennar reglur um keppni (A)) gilda um alla keppni í hestaíþróttum sem fer fram samkvæmt reglum og reglugerðum LH, af því marki sem ekki er kveðið á um sérreglur í þeim reglum sem gilda um viðkomandi keppnisgrein. Reglur þessar eru þýðing á keppnisreglum FEIF, komi upp ágreiningur við túlkun á reglunum gildir enski frumtextinn.

A1 Siða- og hátternisreglur

A1.1 Kynning

Allir aðilar (t.d. knapar, dómara, mótshaldarar, aðrir starfsmenn móta og samtök) sem hafa með keppni eða aðrar upptökur á íslenskum hestum að gera skulu koma fram á sanngjarnan og íþróttamannslega hátt hver við annan. Á sama hátt skal knapinn koma fram á sanngjarnan máta við hest sinn. Gengið skal út frá því að grundvallaratriði í alþjóðlega viðurkenndum reglum um dýravernd séu í heiðri höfð og ávallt í fyrirrúmi.

A1.2 Siðferðisyfirlýsing

FEIF sameinar fólk með ástríðu fyrir íslenska hestinum. FEIF leggur áherslu á eftirfarandi gildi sem FEI hefur tileinkað sér.

Virðing fyrir hestinum

FEIF og aðildarsamtök þeirra hafa velferð hestsins í forgrunni í öllum verkefnum. Lögð er áhersla á velferð hestsins með menntun, heilbrigðis- og búnaðarskoðun á keppnum, rannsóknum eins og til dæmis á æskilegri lengd hófa, strangar reglur um lyfjagjöf og ráðgjöf frá dýralæknanevnd FEIF varðandi velferð hestsins.

Jafnrétti

Hestamennska er ein af fáum íþróttgreinum þar sem allir keppa á jafnréttisgrundvelli. Það er ekkert hámark á aldri keppenda.

Heiðarleg keppni

Í keppni í öllum flokkum, skal besta parið, sem keppt hefur með heiðarlegum hætti, krýnt sigurvegari, eftir að hafa háð keppni á jafnréttisgrundvelli, samkvæmt reglum sem eru sanngjarnar, raunhæfar og er beitt með vandvirkum og óhlutdrægum hætti. Sérhver niðurstaða sem ekki er fengin með jöfnum leik er þýðingarlaus.

Samvinna með hestinum

Hestamennska er eina íþróttgreinin sem felur í sér tvo iðkendur, hest og mann. Það er þetta farsæla samband milli þessarra tveggja iðkenda; samband byggt á trausti og virðingu, sem gerir íþróttina svo einstaka.

Virðing fyrir umhverfinu

Við hvetjum alla hlutaðeigendur til að fylgja hátternisreglum FEIF gagnvart umhverfismálum.

Mismunum

FEIF liður ekki neina mismunum byggða á uppruna, kyni, þjóðerni, trúar- og stjórnmálaskoðunum, kynhneigð, hjúskaparstöðu eða á öðrum grunni. Meginreglur teknar upp í siðareglur e. Principles translated into Codes of conduct.

Meginreglur teknar upp í siðareglur

Í því skyni að koma þessu meginreglum í framkvæmd þá höfum við útlistað hvaða háttsemi við ætlumst til að starfsmenn FEIF, knapar, þátttakendur, sjálfboðaliðar og áhorfendur viðhafi.

Siðferði verður ekki skapað með reglum einum saman, heldur með þeim viðmiðum sem við setjum og hvernig við fylgjum þessum meginreglum

Auk þess að hegða okkur í samræmi við siðareglur, gerum við þá kröfu til okkar allra að við fylgjum einnig þessum meginreglum, vera meðvituð um hversu erfitt það getur verið að framfylgja þeim og styðja hvort annað í þeirri viðleitni að gera þær að menningu frekar en reglum á pappír.

Það er ætlast til þess að allir þátttakendur, knapar, starfsmenn, þjálfarar, leiðbeinendur og aðrir tengdir íþróttinni okkar virði viðkomandi siðareglur. Í sumum tilvikum kann að vera óskað eftir því að þeir riti undir skriflegar siðareglur til að skerpa á skuldbindingum þeirra. Hvort sem viðkomandi hefur ritað undir skriflegar siðareglur eða ekki, þá er litið svo á með því að samþykkja að taka að sér ákveðna stöðu, eða taka þátt í mótum okkar þá hafi hann samþykkt að vera bundinn af siðreglunum.



ALMENNAR REGLUR UM KEPPNI

A1.3 Siðareglur: Velferð hestsins

Þessar siðareglur byggjast á siðareglum Fédération Equestre Internationale (FEI). Sé reglum þessum breytt skal ávallt miðað við nýjustu útgefnu reglur.

The Fédération Equestre Internationale (FEI) gera þær kröfur að allir þeir sem taka þátt í alþjóðlegum hestaíþróttum fari að siðareglum FEI og viðurkenni og virði öllum stundum að velferð hestsins skuli alltaf hafa forgang fram yfir keppnis- eða auglýsingakröfur.

A1.3.1 Almenn velferð:

a. Umhirða hrossa

Hýsing og fóðrun hrossa skal ávallt vera í samræmi við bestu viðurkenndu aðferðir við umhirðu hrossa. Aðgengi að góðu heyi, fóðri og vatni skal vera til staðar.

b. Þjálfunaraðferðir

Hross skulu ekki vera þjálfuð á þann hátt að það stefni líkamlegri eða andlegri getu og/eða þroska í voða. Þjálfunaraðferðir sem misþjóða, valda ótta eða eru ekki við hæfi andlegs þroska hrossins, skulu ekki notaðar.

c. Járningar og reiðtygi

Fótahirða og járnningar skulu vera af bestu mögulegu gæðum. Reiðtygi skulu vera rétt hönnuð og henta hestinum til að minnka líkur á sársauka eða áverkum.

d. Flutningur

Á meðan á flutningi stendur skal svo búið um hrossið að það sé varið gegn áverkum og annarri heilsufarslegri áhættu. Farartæki skulu vera örugg, með góðri loftræstingu, vel viðhaldið og af góðum gæðum. Þau skulu reglulega sótthreinsuð og ekið af hæfu fólki. Hæfir hestahirðar skulu ávallt vera til staðar til að hugsa um hestinn.

e. Ferðalög

Öll ferðalög skulu skipulögð í hvívetna og séð til þess að hrossin hljóti reglulega hvíld með aðgangi að fóðri og vatni, samkvæmt FEI staðli.

A1.3.2 Klár í keppni (e. fitness to compete)

a. Þjálfun og hæfni

Þátttaka í keppni skal takmörkuð við vel þjálfuð hross og keppendur. Gæta skal að því að hross fái hæfilegan tíma til að hvílast milli þjálfunar og keppni. Hross skulu fá aukinn tíma til að hvílast eftir flutning milli staða.

b. Heilbrigðisástand

Hross sem sýnir einkenni sjúkdóma, helti eða önnur einkenni óheilbrigðis eða einkenni eldri þekktra áverka eða sjúkdóma skal ekki keppa eða fá að halda áfram keppni, stefni það velferð þess í tvísýnu. Álits dýralæknis skal óskað við hvert tækifæri, leiki nokkur vafi á.

c. Lyfjameðferð

Misnotkun lyfja er alvarlegt velferðarmál og skal ekki viðgangast. Meðhöndli dýralæknir hross skal það fá viðeigandi tíma til að jafna sig fyrir keppni.

d. Skurðaðgerðir

Allar skurðaðgerðir sem ógna velferð keppnishests eða öryggi annarra hrossa og/eða keppenda má ekki leyfa.

e. Fylfullar eða nýkastaðar hryssur

Hryssur sem gengnar eru lengra en fjóra mánuði og hryssur sem folald gengur undir mega ekki keppa.

f. Misnotkun hjálpartækja

Misnotkun hrossa með notkun náttúrulegra hvatninga eða annarra (t.d. píska, spora o.s.frv.) eru ekki liðnar.

g. Blæðing

Velferð hestsins skal ávallt vera í fyrirrúmi í öllum keppnum. Um leið og dómara grunar að það sé virk blæðing úr hrossi (e: active bleeding) á meðan á keppni stendur skal dómari óska eftir skoðun á hrossinu. Standist hross ekki skoðun, skal parið hljóta viðurlög samkvæmt viðeigandi keppnisreglum.

h. Gerviefni til viðgerðar á hófum

Hestar sem þurfa á viðgerðarefni á hófum að halda, sem ekki eru á lista yfir leyfðan búnað, mega einungis taka þátt í keppni með að fengnu leyfi frá yfirdómara. Mælt er með að láta skoða viðgerðarefni áður en keppni hefst.



ALMENNAR REGLUR UM KEPPNI

A1.4 Heilbrigðisreglur

Á mótum skal útnefna mótsdýralækni. Hann er ábyrgur fyrir góðu heilbrigði og heilsu þeirra íslensku hesta sem þátt taka.

Hestar sem taka þátt í móti fyrir íslenska hesta skulu vera lausir við smitsjúkdóma og skulu ekki koma frá stöðum þar sem fyrir eru smituð hross. Sönnun þess að reglum um bólusetningar samkvæmt dýralæknareglum FEI hafi verið fylgt, skal leggja fram, sé farið fram á það.

Ef meirihluta dómara eða mótsdýralækni sýnist hestur ekki vera í ástandi til að keppa (haltur, ekki í líkamlegu formi, undir áhrifum lyfja o.s.frv.) getur yfirdómari eða mótsdýralæknir fyrirskipað dýralæknisskoðun. Ákvörðun um áframhaldandi keppni hestsins er þá í höndum mótsdýralæknis. Ákvörðun hans verður ekki áfrýjað.

A1.5 Siðareglur: Heiðarleg keppni og hestaíþróttir

Heiðarleg keppni og hestaíþróttir

Hestaíþróttir líkt og aðrar íþróttagreinar, eru, í því skyni að skapa trúverðugleika, öðlast samþykki almennings og viðhalda tilverurétti sínum, verulega háðar því að viðhafa ávallt íþróttamannslega hegðan. Á bak við þessa ímynd liggur sú hugmynd að besta keppandinn eða liðið skulu vinna á réttlátan hátt, eftir að hafa keppt á jafnréttisgrundvelli við sömu aðstæður og eftir reglum sem eru réttlátar, raunhæfar og settar með vandvirkum hætti og réttsýni. Engin úrslit hafa nokkra þýðingu né gildi ef þeim er ekki náð á jafnréttisgrundvelli.

Umbreyting þessara ímynda í raunhæfar kröfur krefst samstarfs allra sem á einhvern hátt taka þátt í keppni, þ.e. ekki einungs keppenda, starfsmanna, skipuleggjenda og samtaka, heldur einnig eigenda, þjálfara, áhorfenda og fjölmiðla. Hver þessara hópa hefur mikilvægu hlutverki að gegna við að bæta og styrkja ímynd og tilvist hestaíþróttanna, með því að efla andann um sanngjarna keppni eins og hún er skilgreind í reglum og með því að hagsmunir keppinnar og hestsins hafi öllum stundum forgang fram yfir allt annað. Nokkur atriði sem varða einstaka hópa eru skilgreind nánar hér að neðan.

Ábyrgð keppenda, leiðbeinenda og þjálfara

Keppendur sjálfir bera mjög mikla ábyrgð á að kynna og standa vörð um sanngjarna keppni í sinni íþrótt. Þrátt fyrir ábyrgð annarra þá er það keppandinn sem fyrst og síðast getur á beinan hátt haft mest áhrif á það hvort keppni er sanngjörn eður ei með því að hafa skilning á þeim reglum sem varða keppni og fylgja þeim í hvívetna, hvort sem einhver sér til eður ei.

Þekktir keppendur verða að átta sig á hversu mikil áhrif þeirra fordæmi getur haft og viðurkenna ábyrgð sína sem fyrirmyndir. Þetta á við hvort sem þeir eru á hestbaki eða ekki, á upphitunarsvæði sem og á keppnisvælinum.

Leiðbeinendur og þjálfarar geta einnig stuðlað að sanngjarna keppni, með því að gefa gott fordæmi, og með því fordæma virðingarleysi gagnvart reglum þessum og ókurteisi keppenda sem eru undir þeirra umsjá. Reyndir leiðbeinendur hafa jafnmikil áhrif með góðu fordæmi og þeir hafa með leiðsögn sinni.

Ábyrgð ráðandi samtaka (innlendra sem alþjóðlegra samtaka)

Ráðandi samtök hestaíþróttanna setja ekki einungis reglur heldur mennta einnig og útskrifa starfsmenn, samþykkja dagsetningar og dagskrár stærri móta og eru oft efsta dómstig í þeim kærumálum sem upp koma. Þau þurfa að sinna því verkefni sínu af kostgæfni, sjá til þess að reglur séu réttlátar, raunhæfar og að farið sé nákvæmlega eftir þeim af hæfu og rétt menntuðu starfsfólki. Þau þurfa einnig að gera allt sem mögulegt er til að bæta og efla gæði keppisgreina og stuðla að því að þær séu aðlaðandi fyrir bæði áhorfendur og keppendur og nota til þess það vald sem þau hafa. Að lokum skulu þau að hafa í huga að vanræksla eða lítilsvirðing við hugmyndir um sanngjarna keppni hefur áhrif bæði á íþróttina sem slíka sem og samtökin sem ábyrgð bera á framkvæmd hennar.



ALMENNAR REGLUR UM KEPPNI

Ábyrgð dómara, dýralækna og allra annarra starfsmanna

Starfsmenn hafa mikið vald sem um leið leggur á herðar þeirra mikla ábyrgð. Hver sem einstök störf þeirra eru, þá eru þau ekki einungis metin eftir tæknilegri hæfni eða nákvæmri þekkingu á lögum og reglum, heldur einnig eftir dómgreind, sjálfsstjórn, sveigjanleika, sanngirni og heiðarleika. Að auki skulu allir starfsmenn gæta fyllsta hlutleysis og vera á verði gagnvart hlutdrægni í hvaða mynd sem vera skal. Í öllum vafatilfellum er ávallt skynsamlegra að gera sér grein fyrir því að vafi kunni að vera uppi um hlutleysi og víkja til hliðar, frekar en að veita sjónarmiðum um hlutdrægni brautargengi.

Ábyrgð blaðamanna og annarra fjölmiðla

Fjölmiðlar hafa sín eigin viðmið um heiðarleika og trúnað og þurfa að vinna innan marka sem þeim eru sett af ritstjórum, útgefendum og framleiðendum. Þrátt fyrir það geta þeir með fréttum sínum og umfjöllun, komið með mikilvægt framlag varðandi mat almennings á því hvort sanngjörn keppni sé viðhöfð, með því setja þau mót og viðburði sem þeir fjalla um í sanngjarnan og málefnalegan búning og standast þá freistingu að einfalda eða ýkja umfjöllun sína.

Ábyrgð áhorfenda

Áhorfendur koma á hestamót sér til ánægju. Ekki er hægt að neita þeim um þann rétt að tjá skoðanir sínar. Samt sem áður ættu þeir af sanngirnisástæðum að gæta þess að hafa ekki áhrif á sýningar hrossa eða ákvarðanir dómara. Áhorfendur skulu forðast að trufla hesta í sýningu. Til dæmis að forðast snöggar hreyfingar, hávært klapp eða myndatökur með leifturljósi, sérstaklega við aðstæður þar sem áhorfendur eru í mikilli nálægð við keppendur.

Allar tegundir af hljóðmengandi búnaði eru óheimilar á mótum. Notkun á slíkum búnaði kann að leiða til brottvísunar af mótstað.

Þó það sé auðvelt að meira og minna hunsa áhorfendur og láta þá hugsa um sig sjálfa, þá er mikilvægt að veita þeim upplýsingar um dagskrá mótsins og lýsingar til að hjálpa þeim, ekki aðeins til þess að skilja hvað er í gangi, heldur einnig til að þeir átti sig á hæfileikum og íþróttamennsku keppenda og fagna jafnvel þó þeirra hetja eða uppáhaldslið sé ekki að vinna. Alltaf þegar áhorfendur eru vanræktir þá tapast verðmæt tækifæri til að fjárfesta í framtíð íþróttarinnar, sama hversu vel haldið er á öðrum þáttum.

Hrein íþrótt

Lyfjamisnotkun getur verið skaðleg heilsu knapa og notkun eiturlyfja er skaðleg ímynd og gildi hestaíþróttar, hvort sem notkun lyfja sé í þeim tilgangi að bæta árangur eða ekki.

FEIF hefur það að leiðarljósi að standa vörð um heiðarleika í keppni í hestaíþróttum, hvetja til sanns íþróttanda og verja réttindi íþróttamanna, og telur FEIF að sérhver íþróttamaður eigi rétt á að keppa í jöfnum leik, án áhrifa frammistöðubætandi lyfja.

A1.6 Brottvikning fulltrúa

Sérhver aðili sem kemur fram sem fulltrúi FEIF á opinberum vettvangi, þ.m.t. stjórnarmenn, nefndarmenn, aðilar kjörnir af fulltrúaráði, aðilar tilnefndir af stjórn FEIF og dómara með dómara réttindi frá FEIF og LH, skulu sæta tímabundinni brottvikningu meðan þeir sæta ákæru vegna ofbeldis- eða kynferðisbrots. Brottvikning skal vera varanleg hljóti aðili dóm fyrir slíkt brot. Allir fulltrúar eru skuldbundnir til að tilkynna sjálfir um sérhverja ákæru eða dóm. Vanræki aðili slíkt skal það varða fyrirvaralausri og varanlegri brottvikningu.



ALMENNAR REGLUR UM KEPPNI

A2 Knapar, dómarrar og aðrir starfsmenn

A2.1 Knapar

A2.1.1 Almennt

Knapi sem er í keppnisbanni í einu FEIF landi fyrir brot á reglum þessum og hugsjónum, má ekki keppa í öðrum FEIF löndum þar til banninu hefur verið aflétt, þetta á við sama á hvaða grundvelli keppnisbann eða áminningin var gefin út.

A2.1.2 Stundvísi

Keppnispar skal dæmt úr leik, ef það mætir ekki til keppni eftir að hafa verið kallað þrisvar í braut yfir þriggja mínútna tímabil enda hafi verið staðið við tímaáætlun dagskrár.

A2.1.3 Ábyrgð

Þátttaka á öllum mótum og sýningum er á ábyrgð knapa, umsjónarmanns eða eiganda hests. Hvorki FEIF, LH eða mótshaldarar bera nokkra ábyrgð undir neinum kringumstæðum.

A2.1.4 Löglegir knapar

Á öllum mótum skulu knapar vera félagar í félagasamtökum sem tengjast FEIF. Á mótum þar sem um aldurstakmörk er að ræða, skal miðað við almanaksárið. Á mótum þar sem ekki eru sérstakir unglinga- eða ungmennaflokkar verða keppendur að vera 16 ára (verða 16 á almanaksárinu) eða eldri til að mega keppa í fullorðinsflokki.

Knapi má á sama keppnisári aðeins keppa fyrir hönd eins lands í alþjóðlegum mótum (um tegundir alþjóðlegra móta sjá gr. A5).

Tilkynna skal allar breytingar á landi sem knapi keppir fyrir til FEIF fyrir 1. apríl ár hvert. Tilkynning skal send á eyðublaði því sem birt er á heimasíðu FEIF.

Knapar sem ekki eru skráðir hjá FEIF skuli taldir hafa keppt fyrir það land sem þeir kepptu síðast fyrir á alþjóðlegu móti. Þessi regla felur ekki í sér breytingu á fyrirsvari (e. representation).

Fyrsta breyting á fyrirsvari skal taka gildi þegar í stað. Varðandi síðari breytingar, má knapi ekki hafa keppt fyrir annað land á alþjóðlegu móti síðustu tvö ár, fyrir fyrsta mót sem hann keppir á fyrir nýtt land. Ef sérstakar og einstakar aðstæður koma upp, er stjórn FEIF heimilt í réttlætanlegum aðstæðum að veita undanþágu frá þessu, með samþykki viðkomandi aðildarsamtaka.

Knapar sem hefja keppni í alþjóðlegu móti fyrir hönd annars lands en þeirra „sport nationality“ skulu sjálfkrafa hljóta 6-mánaða bann frá þeim tíma sem þeir hófu keppni.

A2.1.5 Knapar með fötlun

Knapar með fötlun (sem staðfest er með örorkuskírteini/fötlunarskírteini) er velkomið að taka þátt í almennri keppni, sem fer fram samkvæmt reglum og reglugerðum FEIF. Heimilt er að gera sanngjörn frávik frá reglum til að vega upp á móti líkamlegri fötlun til að jafna leika (t.d. með sérútbúnum hnakki, sérstökum ístöðum, tveimur pískum, aðstoðarmenn, o.s.frv.)

Við skráningu á mót þarf að framvísa til mótshaldara örorkuskírteini/fötlunarskírteini, ásamt lýsingu á færni og einstaklingsmiðuðum hjálpartækjum, gefin út af viðurkenndu fagteymi. Mótshaldari upplýsir yfirdómara.

A2.1.6 Hjálmar

Öllum keppendum er skylt að nota áspenntan reiðhjálmar með CE vottun eða sambærilega vottun. Líkamsbrynjur eru heimilar.



ALMENNAR REGLUR UM KEPPNI

A2.1.7 Um knapa í íþróttakeppni

Aðeins skráður knapi má setjast á hest eftir að á mótstað er komið þar til loka keppnisgreinar. Aðstoðarmenn mega hringteyma (e. single-lunge) og þjálfar hest, svo framarlega sem þeir eru ekki að gera æfingar sem eru ætlaðar til að bæta frammistöðu hestsins. Yfirdómara er heimilt að veita undanþágu.

Óheimilt er að aðrir en skráð keppnispar séu staðsettir innan upphitunarhrings meðan á keppni stendur. Undantekningar frá þessu er aðstoð við að lagfæra klæðnað knapa eða búnað áður en farið er inn á keppnisvöllinn. Knöpum í keppni er óheimilt að fá utanaðkomandi aðstoð af neinu tagi. Notkun samskiptabúnaðar er óheimill í safnhring eða á keppnisvöllum.

Sama keppnispar skal vera í forkeppni og úrslitum. Mótshaldara er heimilt, komi það skýrlega fram í auglýsingu móts, að heimila að hafi knapi komið fleiri en einu hrossi í úrslit megi hann fá staðgengil til að ríða fyrir sig í úrslitum.

[Íslensk sérregla] Hafi knapi komið fleiri en einum hesti í úrslit, A, B eða C úrslit, skal hann ákveða á hvorum/hvaða hesti hann hefur keppni í úrslitum. Laus sæti í þeim úrslitum má fylla með næstu keppendum. Ef einn eða tveir eru jafnir í næsta sæti skulu þeir allir komast í þau úrslit. Sami knapi má ekki hefja keppni í bæði C, B eða A úrslitum í sömu grein með sitthvorn hestinn.

Fatnaður/búnaður knapa

Knappar skulu klæðast keppnisjakka, láttlausri peysu eða mittisjakka, skóbuxum við reiðskó, eða reiðbuxum við reiðstígvéli. Í skeiðkappreiðum og gæðingaskeiði, skulu knappar klæðast skóbuxum við reiðskó eða reiðbuxum við reiðstígvél, en mega að öðru leyti klæðast frjáltslega. Óheimilt er að nota spora.

A2.1.8 Um knapa og umsjónarmenn hrossa á kynbótasýningum

Sjá G2.1.7 í reglum FEIF.

A2.2 Dómarar

Í flestum tilfellum hefja dómarar ferill sinn sem héraðsdómarar/landsdómarar og þjálfun þeirra, uppbygging prófa og réttindi fara eftir landssamtökum þeirra. Starf dómara á alþjóðlegum vettvangi fer eftir reglum FEIF og er háð þeirra leyfi. FEIF alþjóðlegir dómarar skulu vera meðlimir í landssamtökum.

A2.2.1 Íþróttadómarar

Íþróttadómarar eru starfsmenn sem dæma á íþróttamótum. Íþróttadómarar skulu sjá til þess að reglum sé fylgt og mót fari fram í anda sanngirni og á íþróttamannslegan hátt og að velferð hestsins sé ávallt höfð í forgrunni.

Réttindi íþróttadómara eru mismunandi, en æðstu réttindi eru FEIF alþjóðlegur dómari. Einstök aðildarsamtök FEIF bera ábyrgð á þjálfun og útgáfu réttinda til íþróttadómara. Einungis FEIF hefur rétt til að gefa út FEIF alþjóðadómara réttindi.

Til þess að verða FEIF alþjóðlegur dómari, verður umsækjandi að standast próf hjá FEIF. Sportfulltrúi FEIF ber ábyrgð á prófinu, framkvæmd þess og efni. Umsækjendur verða að uppfylla skilyrði fyrir því að taka þátt, skulu vera skráðir í prófið af aðildarsamtökum, hafa réttindi sem landsdómarar og verða a.m.k. 21 árs að aldri.

Standist umsækjandi prófraun, fær hann réttindi til að starfa sem FEIF alþjóðlegur dómari í þrjú ár.

Til þess að endurnýja réttindi sín til þriggja ára í senn, verður FEIF alþjóðlegur dómari að uppfylla þær kröfur sem FEIF setur.

FEIF alþjóðlegir dómarar heyra undir Íþróttadómaranefnd FEIF sem starfar undir formanni Sportnefndar FEIF (e. FEIF Director of Sport).

A2.2.2 Kynbóttadómarar

Sjá G2.2.2 í reglum FEIF.



ALMENNAR REGLUR UM KEPPNI

A2.3 Starfsmenn

A2.3.1 „Ring Master“

„Ring Masters“ eru dómurum til aðstoðar. „Ring Masters“ starfa á ábyrgð yfirdómara í keppnisgrein eða yfirdómara á móti. Æskilegt er að „Ring Master“ sé dómari.

Á sérhverju móti skal vera nægjanlegur fjöldi „Ring Masters“ til að:

- a. skoða búnað og sár
- b. skoða þjálfunaraðstöðu og hesthússvæði

A2.3.2 „Ring Steward“

„Ring Stewards“ er mótshaldara og þuli til aðstoðar. „Ring Stewards“ starfa á ábyrgð mótshaldara. Á smærri mótum er heimilt að sameina hlutverk „Ring Stewards“ og „Ring Masters“. Á sérhverju móti skal vera nægjanlegur fjöldi „Ring Stewards“ til að:

- a. aðstoða þul við að halda dagskrá og ráslista
- b. upplýsa þul um upp á hvora hönd úrslit verði riðin
- c. upplýsa knapa um framgang keppnisgreinar

A2.3.3 Þulur

Þulur gæta að því að mótið fari fram með eðlilegum hraða og samkvæmt dagskrá, og veitir upplýsingar um keppnisgrein og þátttakendur (hesta og knapa). Koma skal fram við alla keppendur og starfsmenn af sanngirni og virðingu; þulur skal einnig þekkja viðkomandi keppnisreglur og viðteknar venjur og framkvæmd, og þannig samræma og koma fram sem hjálplegur tengiliður milli þátttakenda, starfsmanna og áhorfenda. Þulur skal ávallt vera í sambandi við yfirdómara, tölvuvinnslu, upplýstur um breytingar á ráslista og í sambandi við „Ring Master“.



A3 Íslenski hesturinn

A3.1 Lýsing á íslenska hestakyninu

Uppruni

Uppruni íslenska hestakynsins er á Íslandi, þar sem Íslenski hesturinn hefur verið ræktaður frá því að Íslands byggðist u.þ.b. 900 e.kr., án kynblöndunar við erlent erfðaefni. Skyldustu ættingjar íslenska hestsins er talinn vera skandinavísku og bresku hestakynin. Íslenski hesturinn er hreinræktaður og rekja má ættir allra forfeðra hans til Íslands.

Stærð

Hæð íslenska hestsins er yfirleitt á bilinu frá 125 til 145 cm, mældur á stöng á hæstu hæð á herðum. Meðalhæð á merum er 136 cm og á stóðhestum 138 cm. Fullþroskaður íslenskur hestur er 300 til 400 kg á þyngd.

Litir

Flestir þekktir hestalitir fyrirfinnast. Ríkjandi litir eru rauður, svartur og jarpur en gráir og skjóttir hestar eru einnig algengir. Fleiri en 100 lítaafbrigði fyrirfinnast í íslenska hestakyninu.

Bygging

Bygging hestsins er margbreytileg, en hefðbundinn íslenskur hestur er samræmisgóður. Það er dæmigert fyrir hestakynið að hafa hallandi lend, langt og þykkt fax og tagl og þykkar vetrarfeld.

Notkun

Íslenski hesturinn er reiðhestur. Hesturinn er með einstakar gangtegundir og næstum allir íslenskir hestar geta tölt til viðbótar við fet, brokk, og stökk/valhopp. Margir hestar hafa til viðbótar hraða gangtegund sem nefnist skeið. Sem reiðhestur er hann sérstaklega fjölhæfur – getumikill og samstarfsfús sem útreiðarhestur og sem keppnishestur, hentugur fyrir fullorðna jafnt sem börn. Hesturinn er sterkur, sjálfstæður, en samt félagslyndur og þægilegur í umgengni, sjálfsöruggur og þrekmikill.

Langlífi

Hesturinn þroskast hægt og er venjulega ekki fullvaxinn fyrr en hann er orðinn 6 eða 7 vetra gamall. Hann hefur langt virkt æviskeið (25-30 ár er ekki óalgengt).

Heilsa

Almennt er íslenski hesturinn mjög heilsuhraustur. Frjósemi er mikil og bæði kyn eru hæf til að fjölga sér þar til þau ná 25 til 27 ára aldri.



ALMENNAR REGLUR UM KEPPNI

A3.2 Lýsing á gangtegundum *

*Grunnskilgreiningar á gangtegundum eru byggðar á rannsóknum Gunnars Reynissonar, Háskólanum á Hvanneyri. Finna má rit Gunnar Reynissonar, skilgreining á gangtegundum á www.lhhestar.is.

Gangtegundir íslenska hestsins eru skilgreindar hér. Þetta eru grunnskilgreiningar og lýsa takti, fótarið og hreyfingu í hverju skrefi. Lýst verður æskilegum hreyfingum í hverju skrefi, sem og frávikum frá æskilegum takti. Gerð verður grein fyrir mismunandi hraða sem sýna skal hest á í öllum greinum samkvæmt reglum FEIF.

A3.2.1 Fet

Fet er samhverf, fjórtakta gangtegund með hliðstæðri hreyfingu án svífs. Jafnt tímabil skal vera á milli niðurkomu allra fjögurra fóta (það er að afturfótur lendi 1/4 af heildarskref tíma á undan hliðstæðum framfæti). Fet hefur átta hreyfistig. Á feti hreyfast fæturnir í þessari röð: Vinstri aftur, vinstri fram, hægri aftur, hægri fram. Fet er skilgreind sem stikandi gangtegund þar sem skiptist á tví- og þrístuðningur fóta.

Æskileg líkamsbeiting á feti

Á feti gengur hesturinn áfram í jöfnum og hreinum takti og tekur löng skref. Háls hestsins hreyfist taktfast upp og niður og hryggssúlan er fjaðrandi og spennulaus. Hesturinn er virkur í afturfótum og baki, greinilegar bolhreyfingar sjást og taglið er frjálst og óþvingað.

Gallar á feti

A. Skeiðborið fet

Skeiðborið fet er þegar hliðstæðir fætur hreyfast nánast samtímis fram. Þá er stutt á milli niðurkomu hliðstæðra fóta og sá tími sem líður frá því að afturfótur lendir á jörðinni þangað til hliðstæður framfótur lendir er undir 1/4 af heildarskref tíma.

B. Fet með brokkívafi

Á feti er einnig óæskilegt að hafa of stutt á milli niðurkomu skástæðra fóta. Þá er ekki um hreinan fjórtakt að ræða í fetinu og talað um að það hafi brokkívaf en þá er það of nærri brokki.

C. Stirt fet

Galli er ef bolhreyfingar vantar á feti. Það vantar virkni í bak hestsins, bakið er fatt eða stíft og hreyfingarnar flæða ekki í gegnum bol hans.

D. Hlaupandi fet

Galli er ef hesturinn hvílir ekki í sporinu og flýtir sér á feti.



ALMENNAR REGLUR UM KEPPNI

Fet getur verið riðið á mismunandi vegu eins og hér lýsir:

A. Fet

Knapi þarf að hafa nægjanlega reiðfærni til að leyfa hestinum að sýna takthreint og rösklegt fet. Hesturinn skal hreyfast framávið í óþvinguðum höfuðburði og með langa og slaka yfirlínu.

B. Meðal fet

Taktgott og jafnt fet með meðallangri yfirlínu og skreflengd. Hesturinn er allan tímann við taum og fetar rösklega með hálsinn langan og mjúklega hvelfdan. Yfirlínan skal vera spennulaus og skrefin jöfn og ákveðin, afturfætur snerta jörð fyrir framan hóffar framfóta. Knapinn viðheldur léttu, næmu og jöfnu sambandi við munn hestsins og fylgir eðlilegri hreyfingu höfuðs og háls.

C. Safnað fet

Hesturinn færir staðfastlega framávið með ákveðnum skrefum, reistan, hringaðan makka og við taum, greinilega sjálfberandi. Höfuðið er nærri lóðréttri stöðu og létt taumsamband er við munn hestsins. Afturfætur eru virkir með og kreppt greinilega um hækla. Gangtegundin heldur rösklegu flæði sínu og reglulegri fótahreyfingu. Skrefin eru styttri og hærri en í meðalfeti þar sem allir liðir afturfóta eru krepptari. Safnað fet er styttra en meðalfet en samt sýnilega virkara.

D. Langt fet

Hesturinn gengur ákveðið og taktfast framávið með eins löngum skrefum og honum er unnt án þess að hann flýti sér eða að hrynjandi hreyfingarinnar truflast. Afturfætur lenda greinilega fyrir framan hóffar framfóta. Knapinn leyfir hestinum að lengja hálsinn og teygja höfuðið fram og niður án þess að missa samband og stjórn á hnakka hans. Nasir þurfa að vera greinilega framan við lóðlínu.

E. Frjálst fet

Frjálst fet er þegar hesturinn slakar sér vel og fær algert frjálrsæði til að lengja og teygja háls og höfuð. Gæði þess markast af hversu löng skrefin eru og hversu vel afturfætur stíga yfir framfótaspor ásamt því að vera taktfast og rösklegt.

F. Taumur gefinn á feti

Þessi æfing gefur greinilega mynd af hversu þjáll hesturinn er, sýnir vel gegnumflæði ábendinganna, jafnvægi hestsins, mýkt, hlýðni og slökun. Til þess að geta komið þessari æfingu, taumur gefinn á feti, vel frá sér, þarf knapinn að lengja tauminn jafnóðum og hesturinn teygir sig rólega fram og niður, hesturinn eltir tauminn. Þegar hálsinn teygir sig fram og niður skal munnur hestsins vera því sem næst í láréttri línu við bóghnútna. Létt og lipurt taumsamband skal haldið við munn hestsins. Gangtegundin þarf að halda hrynjanda og takti og hesturinn vera með afturhlutann virkan og ekki frambungur þótt framteygður sé. Þegar taumurinn er stytur aftur skal hesturinn fylgja mjúklega taumsambandinu án hvers kyns stífnis í munni eða hálsi.



ALMENNAR REGLUR UM KEPPNI

A3.2.2 Brokk

Brokk er tvítakta, skástæð gangtegund með svifi. Brokk hefur fjögur hreyfistig. Hesturinn hreyfir hægri skástæðu, þ.e. vinstri afturfót og hægri framfót saman og lendir á þeim jafnfætis. Spyrnir sér síðan af þeim og svífur yfir á vinstri skástæðu sem er þá hægri afturfótur og vinstri framfótur. Brokk er eina skástæða gangtegundin.

Rétt líkamsbeiting á brokki

Á brokki á hesturinn að hvelfa yfirlínu og spyrna sér áfram í svifmikilli hreyfingu með rúmu skrefi. Takturinn er hreinn tvítaktur. Yfirlína hestsins er spennulaus, bakið er fjaðrandi og hreyfingin gengur í gegnum bol hestsins. Brokk er riðið á ýmsum hraða í mismunandi formi. Má t.d. nefna safnað brokk þar sem hesturinn gengur í meiri reisingu, kreppir lend og beygir meira liði í afturfótum. Við það færast burður hestsins meira á afturfætturnar og hreyfingar framhluta verða léttari. Á hröðu brokki teygir hesturinn meira á yfirlínunni og opnar kverk. Á miklum hraða á brokki getur samtenging skástæðra fóta rofnað og framfótur lent aðeins á undan skástæðum afturfæti.

Gallar á brokki

A. Fjörtaktað brokk

Algengasti galli á brokki er fjörtaktað brokk. Þá verður aftenging skástæðra fóta og getur hún verið með tvennum hætti. Annars vegar þegar framfótur skástæðunnar lendir og fer af jörðu á undan skástæðum afturfæti. Þetta getur gerst þegar hesturinn er í ójafnvægi (t.d. framþungur). Hins vegar þegar afturfótur skástæðunnar lendir á undan framfæti. Þetta getur gerst þegar hestinum er riðið í mikilli söfnun á brokkinu.

B. Sviflaust brokk

Einnig er galli þegar brokkið er takthreint en sviflaust. Þá heldur hesturinn hreinum tvítakti en losar lítið frá jörðu, sviftími minnkar og hesturinn verður jarðbundinn.

C. Stirt brokk

Galli er ef bolhreyfingar vantar á brokki. Það vantar virkni í bak hestsins, bakið er fatt eða stíft og hreyfingarnar flæða ekki í gegnum bol hans.

D. Upp á fótinn

Einnig getur brokkið verið brotið á þann veg að það sé þrítaktað, þ.e. önnur skástæðan brotin en hin hrein og brokkið upp á fótinn sem kallað er. Þá verður brokkið meira eða minna stökkblandað, hreyfingar vinstri og hægri hliðar hestsins ekki samhverfar og ekki lengur um hreinan tvítakt að ræða.



ALMENNAR REGLUR UM KEPPNI

Brokk getur verið sýnt eins og lýst er að neðan.

A. Brokk

Knapi þarf að vera nógu fær til þess að leyfa hestinum að sýna taktgott og kraftmikið brokk. Hesturinn færir fram með spennulausa yfirlínu og frjálstan höfuðburð. Svo fremi sem hrynjandi brokksins helst jafn er í lagi að hafa nokkuð laust taumsamband, þar sem slaki á taumi sést greinilega.

B. Vinnubrokk (áður kallað hægt brokk)

Vinnubrokk er millistig milli safnaðs brokks og meðalbrokks, þar sem þjálfun hestsins er ekki enn næg til að styðja frekari söfnun á gangtegunni. Hesturinn sýnir gott jafnvægi og er við taum þegar hann færir fram með jöfnum, fjaðrandi skrefum og góða hækilvirkni. Sú lýsing „góð hækilvirkni“ undirstrikar mikilvægi góðrar virkni afturhluta þar sem spyrnan og flæðið í gangtegunni kemur þaðan.

C. Safnað brokk

Hesturinn færir fram með reistan, hringaðan makka og við taum. Hæklarnir eru vel virkir og krepptir sem eru forsenda þess að afturfætur geti viðhaldið burði og orkumikilli spyrnu sem leyfir svo frjálslleika í bógum og léttleika í framhluta og gefur „sjálfberandi hest“. Þrátt fyrir að skref hestsins séu styttri en í öðrum útgáfum af brokki er engu minni fjöðrun, orka og svif.

D. Meðal brokk

Á meðalbrokki lengir hesturinn sig nokkuð en ekki jafn mikið og á auknu brokki. Hesturinn færir fram með orkumiklum og greinilega lengri skrefum án þess að flýta sér, góðri spyrnu frá afturhluta, burður er í baki og hreyfingar háar. Knapinn leyfir hestinum að lengja hálsinn nokkuð og bera höfuðið dálítið meira fyrir framan lóðlínu en á söfnuðu eða vinnubrokki. Skrefin skulu vera jöfn og hreyfingar frjálsllegar og í góðu jafnvægi.

E. Aukið brokk

Á auknu brokki eykur hesturinn skreflengdina til hins ítrasta vegna gríðarlegrar spyrnu afturfóta en þó án þess að flýta sér. Knapinn leyfir hestinum að lengja sig og teygja svo hann nái yfir sem mesta jörð í hverju skrefi en þó með stjórn á hnakkanum. Þegar framfótur teygist eins langt og hann getur bendir hófurinn á staðinn þar sem hann mun lenda. Skástæðir fram og afturfætur eiga að vera samsíða í framteyginni og allar hreyfingar vera í góðu jafnvægi. Niðurbægingin í safnað brokk skal vera mjúk þar sem greinilega meiri burður kemur í afturhluta.

F. Hratt brokk

Á hröðu brokki teygir hesturinn yfirlínu sína enn meira, höfuð og háls teygjast fram. Þegar komið er á mikla ferð á brokki getur samtenging skástæðra fóta rofnað og framfótur lent aðeins á undan skástæðum afturfæti. Þrátt fyrir þetta er hratt brokk talin tvítakta gangtegun þar sem frávik á samstíga hreyfingum skástæðra fóta er ekki merkjanlegt.



ALMENNAR REGLUR UM KEPPNI

A3.2.3 Hægt stökk

Hægt stökk er ósamhverf, þrítakta gangtegund með svífi. Hægt stökk hefur sex hreyfistig en fótariðun á hægri stökki er: vinstri afturfótur - hægri afturfótur:vinstri framfótur - hægri framfótur - svif. Hesturinn lendir fyrst á vinstri afturfæti, lendir svo samtímis með hægri afturfót og vinstri framfót (skástæðir fætur lenda samtímis) og endar skrefið með því að lenda á hægri framfæti og svífa. Fótariðun á vinstra stökki er: hægri afturfótur – vinstri afturfótur:hægri afturfótur – vinstri framfótur - svif. Á hægri stökki er um ein-, tví- og þrístuðning fóta að ræða í heilu skrefi.

Æskileg líkamsbeiting á hægri stökki

Á hægri stökki á hesturinn að hreyfa sig í jafnvægi með léttum, mjúkum hreyfingum. Hesturinn á að hvelfa yfirlínu og kreppa lend og bera þyngd með afturfótum í lengri tíma. Við það færast þyngd hestsins meira á afturhlutann og hreyfingar framhluta verða hærri, léttari og frjálssari. Hesturinn sýnir greinilegt svif og hefur hreinan þrítakt.

Gallar á hægri stökki

A. Fjörtakta hægt stökk - gangsamstök

Galli er á hægri stökki þegar það hefur fjórskiptan takt og hesturinn gengur að aftan. Ef um hægri stökk er að ræða, lendir hesturinn ekki samtímis á skástæðum fótum, þ.e. ekki samtímis á hægri afturfæti og vinstri framfæti, heldur fyrst á afturfæti skástæðunnar og svo á framfæti. Þannig glatast þrítaktur gangtegundarinnar og hún verður fjörtakta.

B. Skeiðstökk

Galli er á hægri stökki þegar það hefur fjórskiptan takt á þann veg að framfótur skástæðunnar kemur niður á undan afturfæti – er þá talað um skeiðstökk. Þá er hesturinn oft of framþungur, flatur og stífur og hliðstæðir fætur hreyfast saman.

C. Skortur á bolhreyfingum á stökki

Það telst galli ef bolhreyfingar skortir, bæði á hægri stökki og hröðu. Hreyfingin flæðir ekki vel í gegnum skrokkinn, bakið er óvirkt eða stíft. Hesturinn hreyfir meira fæturna en er skrokkinn og vantar mýkt. Ástæða getur t.d. verið sú að hesturinn sé ekki framhár heldur hærri að aftan og greinilega meira svif að aftan en framan. Einnig eru hreyfingarnar þá almennt stífar og hesturinn á framhlutanum.

D. Kýrstökk

Það er galli þegar hesturinn stekkur svokallað kýrstökk en það hefur aðra fótariðun en rétt stökk og ef hesturinn sýnir eingöngu kýrstökk í keppni eða kynbótadóm hlýtur hann ekki einkunn fyrir stökk. Kýrstökk getur verið upp á vinstri og hægri fót. Ef um vinstra kýrstökk er að ræða lendir hesturinn fyrst á vinstri afturfæti, þar næst á hliðstæðum fótum; hægri afturfæti og hægri framfæti, svo á vinstri framfæti og spyrnir sér upp í svif af þeim fæti. Ef um hægri kýrstökk er að ræða lendir hesturinn fyrst á hægri afturfæti, þar næst á hliðstæðum fótum, vinstri afturfæti og vinstri framfæti, svo á hægri framfæti og spyrnir sér upp í svif af þeim fæti.



ALMENNAR REGLUR UM KEPPNI

Stökk getur verið sýnt eins og lýst er að neðan:

A. Hægt stökk

Knapi skal hafa næga færni til að leyfa hestinum að sýna kraftmikið og takthreint hægt stökk. Hesturinn færast fram með spennulausa yfirlínu og frjálstan höfuðburð. Svo fremi sem hrynjandi gangtegundarinnar er haldið er í lagi að hafa fremur laust/létt taumsamband þar sem slaki kemur á tauminn.

B. Vinnustökk (áður lýst sem hægu stökki)

Vinnustökk er milli safnaðs og meðal stökks þar sem þjálfun hestsins er ekki enn næg til að styðja meiri söfnun í hreyfingunum. Hesturinn skal sýna eðlilegt jafnvægi og vera við taum, færast fram með jöfnum, léttum og virkum skrefum og greinilega kreppa liði afturfóta. Sú lýsing „að kreppa vel liði afturfóta“ undirstrikar mikilvægi góðrar virkni afturhluta þar sem spyrnan og flæðið í gangtegundinni kemur þaðan.

C. Safnað stökk

Hesturinn færast fram með reistan, hvelfdan makka og við taum. Hæklar eru virkir og viðhalda kröftugri spyrnu sem leyfir frjálssari bóghreyfingar og sýnir greinilega framhált og sjálfberandi jafnvægi. Skref hestsins eru styttri en í öðrum útgáfum af gangtegundinni án þess að missa fjöðrun og hrynjanda.

D. Meðalstökk

Meðalstökk er milli vinnustökks og aukins stökks. Hesturinn færast fram í jöfnum takti með greinilega lengri skrefum og góðri spyrnu afturfóta án þess að flýta sér. Bakið er burðarmikið og hreyfingar háar. Knappinn leyfir hestinum að vera í aðeins opnari höfuðburði en í söfnuðu eða vinnustökki og leyfir hálsinum að lengjast dálítið og teygjast framávið. Skrefin skulu vera óheft, frjálssleg og í góðu jafnvægi.

E. Aukið stökk

Hesturinn teygir sig yfir eins mikla jörð og mögulegt er í hverju skrefi sem lengjast til hins ítrasta án þess að hesturinn sé að flýta sér. Afturfætur spyrna af miklum krafti og hesturinn er beinn, léttur að framan og rólegur. Knappinn leyfir hestinum að lengja sig til að ná yfir sem mesta jörð en hefur þó stjórn á hnakkanum. Öll hreyfingin á að vera í jafnvægi og niðurbæingin í safnað stökk skal vera mjúk og greinilega framkvæmd þannig að meiri burður kemur í afturhlutann.

F. Hratt stökk

Hratt stökk er ósamhverf, fjórtakta gangtegund með svífi. Fótaröðun á hægri stökki er: vinstri afturfótur - hægri afturfótur - vinstri framfótur - hægri framfótur - svíf; hesturinn lendir fyrst á vinstri afturfæti, svo á hægri afturfæti, svo á vinstri framfæti og endar skrefið með því að lenda á hægri framfæti og svífa þar næst. Munurinn er hægu og hröðu stökki er því sá að á hröðu stökki lendir hesturinn ekki samtímis með skástæða fætur, heldur fyrst á afturfæti skástæðunnar og svo á framfæti skástæðunnar. Fótaröðun á vinstra stökki er hægri afturfótur – vinstri afturfótur - hægri afturfótur – vinstri framfótur - svíf. Á hröðu stökki er um ein-, tví- og þrístuðning fóta að ræða í heilu skrefi.



ALMENNAR REGLUR UM KEPPNI

A3.2.4 Tölt

Tölt er samhverf, fjórtakta gangtegund með átta hreyfistig og eftirfarandi fótariðun: vinstri afturfótur – vinstri framfótur – hægri afturfótur – hægri framfótur. Hrynjandi töltsins skal vera reglulegur og jafnt tímabil skal vera á milli niðurkomu allra fjögurra fóta, á hvaða hraða sem riðið er (það er að afturfótur lendi 1/4 af heildarskreftíma á undan hliðstæðum framfæti). Tölt er sviflaus gangtegund en þó er um hálfsvif að ræða bæði að framan og aftan og er því um hlaupandi gangtegund að ræða. Ýmist er um einstuðning eða tvístuðning fóta að ræða í heilu skrefi. Tölt er riðið allt frá hægri ferð upp í greiða ferð.

Æskileg líkamsbeiting á tölti

Einkennandi fyrir gott tölt er mykt og gegnumflæði í hreyfingum. Hesturinn hreyfir sig í jafnvægi, með sterkt, fjaðrandi bak og virkan afturhluta. Hreyfingar framhluta eru léttar og frjálssar. Taktur hestsins er hreinn fjórtaktur sem flæðir í gegnum hestinn í jöfnum hrynjanda.

Gallað tölt

A. Skeiðborið tölt

Á tölti er óæskilegt að hafa of stutt á milli niðurkomu hliðstæðra fóta. Þá er ekki um hreinan fjórtakt að ræða í töltinu og talað um skeiðborið tölt eða bundið tölt en þá er töltið of nærri skeiði. Þá er of mikil hliðstæð tenging fóta en þá er styttra er á milli niðurkomu hliðstæðra fóta en sem nemur 1/4% af heildarskreftíma.

B. Brokktölt

Á tölti er einnig óæskilegt að hafa of stutt á milli niðurkomu skástæðra fóta. Þá er ekki um hreinan fjórtakt að ræða í töltinu og talað um að töltið hafi brokkívaf en þá er það of nærri brokki. Þá er of mikil skástæð tenging fóta en þá verður tíminn á milli niðurkomu hliðstæðra fóta lengri en sem nemur 1/4 af heildarskreftíma.

C. Stirt tölt

Taktur töltsins er hreinn fjórtaktur en mykt og bolhreyfingar vantar í skrokk hestsins og gegnumflæði hreyfinga er heft.

D. Upp á fótinn

Tölt er gallað ef það er upp á fótinn sem kallað er. Þá er töltið meira eða minna stökkblandað, hreyfingar vinstri og hægri hliðar hestsins eru ekki samhverfar og ekki um jafnt tímabil á milli niðurkomu allra fjögurra fóta að ræða.

E. Þrístuðningur

Hálfsvifið milli afturfóta getur horfið á mjög hægu tölti þannig að hesturinn styður báðum afturfótum við jörð sem og öðrum framfætinum á sama tíma, er með þrístuðning. Þegar þetta gerist er tölt riðið enn hægar en krafist er í keppni og í kynbótasýningum og slík gangtegund er talin eins konar millistig milli fets og tölts.



ALMENNAR REGLUR UM KEPPNI

Tölt getur verið framkvæmt eins og lýst að neðan:

A. Tölt

Knapinn skal hafa næga reiðfærni til að leyfa hestinum að sýna takthreint og kraftmikið tölt. Hesturinn færir fram með spennulausa yfirlínu og frjálsglegan höfuðburð. Svo fremi sem hrynjandi gangtegundarinnar helst jafn er í lagi að taumsambandið sé nokkuð laust og slaki komi á tauminn.

B. Hægt tölt

Hesturinn færir fram á hægum hraða og með jöfnum fjórtakta hrynjanda sem flæðir í gegnum skrokk hestsins. Upplifunin skyldi vera að hraðinn sé nógu hægur til að hesturinn gæti auðveldlega tölt á 10m hring. Hálsinn skal vera hvelfdur og magavöðvar virkir, bakið burðugt og öll yfirlínan spennulaus. Afturhluti á að vera vel virkur og hreyfingar framhluta léttar og frjálgsar. Hreyfingar hestsins skulu vera í góðu jafnvægi með sterku og virku baki.

C. Meðaltölt

Meðaltölt er milli hægs tölts og aukins tölts að hraða. Hesturinn færir fram með greinilega lengri skrefum og spyrnu frá afturhluta án þess að flýta sér. Knapinn leyfir hestinum að teygja höfuð og háls dálítið fram, bakið er sterkt og virkt og hreyfingin mjúk í gegnum skrokkinn. Skrefin skulu vera óþvinguð og í góðu jafnvægi.

D. Hraðabreytingar

Á skammhliðum og í beygjum skal sýna hægt tölt en meðaltölt með greinilega aukinni skreflengd á langhliðum. Áhersla er lögð á mykt og jafnvægi hraðabreytinganna sem og greinilegan hraðamun með aukinni skreflengd. Ekki er talið til tekna öfgafull hraðaaukning eða „bremsun“ þar sem jafnvægi og samspil líður fyrir.

E. Safnað tölt

Hesturinn færir fram með reistan og hvelfdan makka og við taum. Magavöðvar og afturfætur eru vel virkir, halda góðum burði og styðja þannig aukna bóghreyfingu í framháu og sjálfberandi jafnvægi. Skref hestsins eru styttri en á öðrum hraða á tölti en missa samt ekki fjöðrun, mykt og hrynjanda.

F. Aukið tölt

Hesturinn ferðast yfir mikla jörð og fer hraðar en á meðaltölti. Skreflengdin nær ítrustu lengd án þess að hesturinn flýti sér. Hesturinn helst rólegur, léttur að framan og beinn með gríðarmikilli spyrnu afturfóta. Knapinn leyfir hestinum að lengja yfirlínuna til að ná yfir meiri jörð en hefur samt stjórn á hnakkanum.

G. Hratt tölt

Hesturinn skal viðhalda jöfnum fjórtakti sem flæðir í gegnum skrokk hans. Skrefin lengjast og höfuð og háls teygjast meira fram en á hægu tölti en samt með sterka og spennulausa yfirlínu. Hesturinn á að halda myktinni með fjaðrandi, virku baki og mikilli spyrnu afturfóta. Stöðutími fram og afturfóta verður jafnari en á hægu tölti og skástæður tvístuðningur minnkar.

H. Hægt upp í milliferðartölt án taumsambands

Tölt án nokkurs taumsambands frá knapa skal sýna náttúrulegar hreyfingar og jafnvægi hestsins með frjálsum eðlishöfuðburði. Hraðanum er líst í köflum um hægt og meðaltölt en höfuðburður má vera opnari og frjálsglegri en þegar riðið er með taumsambandi, án þess þó að hesturinn missi jafnvægi sitt en haldi sterku og burðargóðu baki, virkum afturhluta sem og mykt og flæði í gangtegundinni.



ALMENNAR REGLUR UM KEPPNI

A3.2.5 Skeið

Lýsing

Skeið er samhverf, tvítakta yfirferðargangtegund með svifi, þar sem hliðstæðir fætur hreyfast nánast saman fram og aftur. Fótariðun á skeiði er: vinstri afturfótur:vinstri framfótur – svif – hægri afturfótur:hægri framfótur – svif og er það annar framfóturinn sem spyrnir hestinum upp í svif áður en skástæður afturfótur lendir. Á mikilli ferð getur samtenging hliðstæðra fóta rofnað og afturfótur lent aðeins á undan hliðstæðum framfæti. Áfram er talað um tvítakt þar sem frávikið frá samstiga hreyfingum hliðstæðra fóta er ekki merkjanlegt.

Æskileg líkamsbeiting á skeiði

Skeið er kraftmikill yfirferðargangur þar sem hesturinn stækkar skrefin og eykur teygju líkamans. Á skeiði stinnir hesturinn bakið, lengir yfirlínuna, teygir hálsinn fram og opnar kverk. Í sviffasa skeiðsins teygjast hliðstæðir fram- og afturfætur langt fram og hliðstæðir fætur gagnstæðrar hliðar teygjast langt aftur. Þetta er lýsing á réttu skeiðsniði en skeiðið greinist takthreint ef svif er greinilegt og frávík frá samhliða niðurkomu hliðstæðra fóta er ekki merkjanlegt.

Gallað skeið

A. Fjörtakta skeið

Svokallað fjörtakta skeið er óæskilegt. En talað er um að skeiðið sé fjörtakta þegar of mikið og greinilegt frávík verður á niðurkomu hliðstæðra fóta, þ.e. of mikið millibil verður á milli þess sem afturfótur lendir á jörðinni þangað til hliðstæður framfótur lendir. Eftir því sem fjörtaktur eykst á skeiði þeim mun minna verður svif hestsins. Ástæðan fyrir þessum galla getur verið að hesturinn sé of reistur, nái þar af leiðandi ekki að stinna bakið, lengja yfirlínu og teygja hálsinn fram.

B. Stirt skeið

Einnig er talið óæskilegt ef skeiðið er kastgengt og stirt. Þá er of mikil hliðstæða í hreyfingunni, hesturinn verður kastgengur og skilar sér ekki nægjanlega hratt áfram. Þegar tvítakturinn er of mikill vantar flot í skeiðið og hesturinn nálgast það að stytta sig, þ.e. kemst á mörk jafnvægis síns á skeiði. Eftir því sem þyngdarpunktur hestsins færir fram, því meiri verður tvítakturinn í skeiðinu. Ef jafnvægispunktur hestsins færir of langt fram lendir framfótur á undan afturfæti og hesturinn skiptir yfir í kýrstökk. Þessi gangskipting nefnist styttingur.

C. Flandur

Það er kallað flandur á skeiði þegar hesturinn missir jafnvægið á skeiðinu einu sinni eða endurtekið, leitar í stökk og skeiðið verður ójafnt. Reising hestsins er of há, of mikill fjörtaktur er til staðar og hesturinn tekur stökkspor inn á milli.



ALMENNAR REGLUR UM KEPPNI

A3.3 Upprunavottun

Sjá G3.3 í reglum FEIF.

A3.4 Opinber alþjóðlegur gagnagrunnur: WorldFengur FEIF/BÍ

Sjá G3.4 í reglum FEIF

A3.5 Skráning og einstaklingsauðkenning hestsins

Sjá G3.5 í reglum FEIF

A3.6 Skrásetjaranefnd FEIF WorldFengs

Sjá G3.6 í reglum FEIF



ALMENNAR REGLUR UM KEPPNI

A4 Framkvæmd lyfjaprófa¹

Markmið reglna um lyfjapróf er að leitast við að standa vörð um innri gildi varðandi mat á niðurstöðum íþróttaiðkenda, mannfólki og hestum. Þessi innri gildi eru oft nefnd „íþróttandi“: í grunninn snýst þetta um hinn sanna Ólympíuanda; hvernig við keppum af heiðarleika. Andi íþróttanna er að vegsama mannsandann, líkama og huga sem einkennist af eftirfarandi gildum, hvort sem er í sýningum eða keppni.

- *Síðareglur, sanngjörn keppni og heiðarleiki*
- *Heilbrigði*
- *Framúrskarandi frammistaða*
- *Karakter og menntun*
- *Gleði og ánægja*
- *Samvinna*
- *Ástundun og skuldbinding*
- *Virðing fyrir lögum og reglum*
- *Virðing fyrir sjálfum sér og öðrum þátttakendum*
- *Hugrekki*
- *Samfélag og samstaða*

Lyfjamisnotkun er í grundvallaratriðum í andstöðu við íþróttandann.

A4.1 Heimild

Heimild til að framkvæma lyfjapróf á mótum og viðburðum með íslenska hestinum er hjá FEIF eða utanaðkomandi samtökum sem ábyrg eru fyrir framkvæmd lyfjaprófs á mótum og viðburðum. Einstök aðildarsamtök FEIF hafa ekki heimild til að framkvæma lyfjapróf samkvæmt þessum reglum.

FEIF skal framkvæma lyfjapróf á heimsmeistaramótum.

Ákveði aðildarsamtök að framkvæma skuli lyfjapróf á móti sem það heldur, þá skulu aðildarsamtökin láta FEIF vita og FEIF skal framkvæma lyfjapróf að þeirra beiðni. Stjórn FEIF skal ákveða hvaða gjald skuli greiða fyrir þessa þjónustu, sem skal taka mið af hvar mót er haldið og fjölda hrossa. Undirbúningsvinna fyrir framkvæmd prófs skal eiga sér stað 90 dögum fyrir mót eða sýningu.

Hafi lyfjapróf á móti eða sýningu verið framkvæmt af utanaðkomandi samtökum, skal láta FEIF vita um niðurstöðu prófsins innan viku frá því að niðurstaða liggur fyrir. Einnig skal tilkynna FEIF innan einnar viku hafi brot á reglum leitt til þess að hin utanaðkomandi samtök hafi ákvarðað að dæma skuli aðila út leik eða lagt á hann önnur viðurlög. Vanræki aðildarsamtök að tilkynna FEIF um lyfjapróf sem framkvæmt er af utanaðkomandi samtökum eða brot á reglum, skal FEIF sekta viðkomandi aðildarsamtök um 1000€.

A4.2 Lyfjaeftirlit í hestaíþróttum

Allar reglur FEI um eftirlit með lyfjamisnotkun í hrossum og „Controlled Medication Regulation“ sem eru í gildi við upphaf keppni eða sýningar skulu teljast vera hluti af þessum reglum, með eftirfarandi breytingum:

Tilvísun til FEI í reglum um lyfjamisnotkun	Skipt út fyrir
Tilvísun til „FEI“ í öllum tilvikum, nema af því er varðar viðhald reglna og verkferlum	FEIF
Dómstóll FEI	Aganefnd FEIF
FEI CAS (Court of Arbitration for Sport)	Gerðardómur FEIF

FEI skal áfram vera ábyrgt fyrir að viðhalda reglum og verkferlum.

A4.3 Dæmt úr leik og viðurlög

Í þeim tilvikum þegar aðildarfélag tilkynnir brot sem ákvarðað hefur verið af utanaðkomandi samtökum, skal aðeins framfylgja ákvörðunum um að dæma viðkomandi úr leik eða beita viðurlögum á alþjóðlegum vettvangi, ef brotið varðar notkun á efni sem er á lista FEI yfir ólögleg efni í hestaíþróttum (e. FEI Equine Prohibited Substances List).

1) Reglur um lyfjamisnotkun eru byggðar á FEI



ALMENNAR REGLUR UM KEPPNI

A5 Mót

A5.1 FEIF mót – almenn skilgreining

FEIF mót eru mót sem eru samþykkt af stjórn FEIF, skipulögð í samræmi við reglur FEIF, opin fyrir breiðum hópi alþjóðlegra áhorfenda og eru af háum gæðaflokki að því varðar gæði, skipulag og velferð hestsins. FEIF mót gefa þátttakendum upplifun í háum gæðaflokki. Merki FEIF skal vera sýnilegt á öllum FEIF mótum og í öllum kynningarritum vegna móta.

Skilyrði FEIF móta

- FEIF merkið notað í öllum samskiptum með tilvísun til heimasíðu FEIF
- FEIF reglum fylgt þegar þær eiga við
- Upplýsingar einnig á ensku, bæði fyrir og á mót
- Skýrar upplýsingar fyrir erlenda áhorfendur, um einstaka knapa og þeirra frammistöðu

Þegar við á

- Athugun við komu á mótstað á öllum skráðum hestum í samræmi við dýralæknareglur
- Klár í keppni skoðun
- Skoðun á hrossum sem eru að fara úr keppnisbraut
- Lyfjapróf á 10% hrossa í samræmi við reglur FEIF
- Allir starfsmenn fari eftir siðareglum

„Alþjóðleg keppni“ er keppni þar sem verðlaun (e. extra-national titles) eru veitt liðum einstakra landa sem keppa gegn hvoru öðru. Sem dæmi um slík mót má nefna Heimsmeistaramót, Norðurlandamót og Mið-Evrópu mót.

A5.2 Heimsmeistaramót

Markmið Heimsmeistaramóts er að skipuleggja stóran viðburð, sem gefur fólki tækifæri til að njóta íslenska hestsins, menningu og lífsstíls. Í þessu felst að skipuleggja Heimsmeistaramót þar sem velferð hestsins er í forgrunni og íslensk hestamenning, lífsstíll, ánægja og ástríða er tengd þjóðarstemmningu. Mót sem upphefur og bætir viðurkenninguna á hreinræktuðum íslenskum hesti. Allar aðgerðir varðandi Heimsmeistaramót þurfa ekki aðeins að vera í samræmi við bókstaf laganna heldur einnig í anda þessara markmiða.

Heimsmeistaramót íslenska hestsins er skipulagt á tveggja ári fresti í nafni FEIF, helst í byrjun ágúst. Heimsmeistaramót innihalda íþróttakeppni og sýningar kynbótahrossa, sem fara fram í samræmi við viðeigandi íþróttakeppnisreglur og reglur um sýningar kynbótahrossa.

The World Championships for Icelandic horses are organized every second year in the name of FEIF, preferably in the beginning of August. World Championships include sport competitions and a breeding show, run according to the applicable sport and breeding Rules.

A5.3 Önnur mót íslenska hestsins

A5.3.1 Mið-Evrópska meistaramótið

Þau lönd sem hafa heimild til að taka þátt á Mið-Evrópska meistaramótinu eru Austurríki, Belgía, Þýskaland, Bretland, Frakkland, Ítalía, Lúxemborg, Holland, Slóvenía og Sviss. Mótið er haldið annað hvert ár og er ábyrgð Mið-Evrópu nefndarinnar og mótshaldara sem valinn er af nefndinni á grundvelli umsókna frá þeim löndum sem hafa lýst sig reiðbúna að halda mótið og með samþykki þeirra landa sem hafa heimild til að taka þátt. Sérhvert land má senda tiltekinn fjölda þátttakenda. Markmið mótsins er að bjóða uppá hágæða íþróttaviðburð, bæði í einstaklingskeppni og landslið sem fer samkvæmt lögum og reglum FEIF. Þau lönd sem hafa heimild til að taka þátt ákveða á tveggja ára fresti, keppnisgreinar og aldursflokka.

A5.3.2 Norðurlandamót

Þau lönd sem hafa heimild til að taka þátt á Norðurlandamótinu eru norðurlöndin Ísland, Finnland, Svíþjóð, Noregur, Danmörk og Færeyjar. Mótið er haldið annað hvert ár og er ábyrgð þess lands sem heldur mótið í hvert sinn. Þau lönd sem hafa rétt til að sækja um sem mótshaldarar eru Finnland, Svíþjóð, Danmörk og Noregur. Norðurlandamótið fer fram samkvæmt lögum og reglum FEIF. Markmið mótsins er að bjóða upp á hágæða íþróttaviðburð, í einstaklingskeppni knapa. Keppt er í sömu greinum og á Heimsmeistaramóti í fullorðins- og yngri flokkum.



ALMENNAR REGLUR UM KEPPNI

A5.3.3 WorldRanking mót

FEIF WorldRanking er kerfi sem ber saman árangur knapa á hreinræktuðum íslenskum hestum á völdum íþróttaviðburðum um allan heim.

FEIF byrjaði með WorldRanking kerfið á árinu 1995. Þetta er lifandi kerfi: á hverjum degi er reiknaður nýr stöðulisti. Staða knapa á stöðulistanum getur breyst frá einum degi til annars. Knapar geta séð hvaða mót telja til stiga á WorldRanking listanum og hvaða einkunn þeir fengu á sérhverju WorldRanking-móti.

Sérhvert aðildarfélag FEIF má skipuleggja WorldRanking viðburð. FEIF veitir móti WorldRanking stöðu samkvæmt umsókn þar um, sem aðgengileg er á heimasíðu FEIF ásamt frekari upplýsingum. WorldRanking mót eru haldin samkvæmt lögum og reglum FEIF að meðtöldum þeim ákvæðum sem fram koma í viðaukum.

Einnig má bjóða uppá á aðrar keppnisgreinar á WorldRanking viðburðum, sem fara fram samkvæmt lands- eða staðbundum reglum. Slíkar keppnisgreinar eru ekki skilgreindar í íþróttakeppnisreglum FEIF, en skulu fara fram samkvæmt almennum reglum (e. General Rules).

A5.3.4 FEIF kynbótasýningar

Sjá G5.3.4 í reglum FEIF

A6 Heimsmeistaramót

Sjá G6 í reglum FEIF



ALMENNAR REGLUR UM KEPPNI

A7 Löglegir hestar

A7.1 Útlit hestsins

Íslenski hesturinn er einstakt kyn með sérstaka kosti sem tengjast hinu upprunalega eðli hans. Honum skal ávallt sýnd viðeigandi virðing. Eftirfarandi reglur gilda ávallt: Náttúrulegu útliti hestsins má ekki breyta (t.d. eðlilegum lit og vexti hárs). Undantekning: tagl og fax má snyrta sé það of langt og hrossið má raka af heilsufars- og velferðarástæðum. Hár á snoppu, hófskegg og innan í eyrum skal ekki klippa. Knapinn skal taka tillit til sérstaks uppruna og þarfa íslenska hestsins og halda hann við eins náttúrulegar aðstæður og unnt er. Í því felst að sjá til þess að hesturinn hafi næga birtu, ferskt loft og rými til frjálstrar hreyfingar.

A7.2 Meðhöndlun og þjálfun hestsins

Breytingar á náttúrulegu útliti hestsins með gerviefnum eða sálfræðiaðferðum eru ekki leyfðar.

Við þjálfun hestsins skal ekki nota vélar, tæki eða tól til að hafa áhrif á hreyfingar eða útlit hans. Undantekningar: notkun tækja og tóla sem eru almennt viðurkennd sem eðlileg notkun séu þau notuð á viðurkenndan hátt. Notkun yfirdrífna þynginga og teygjubanda á fætur er bönnuð.

Brot á ofangreindum reglum varða við agareglur. Leiki vafi á broti eða komi til ósamkomulags er dómur gerðardóms FEIF endanlegur.

A7.3 Aldur hrossa

Við mat á aldri hrossa skal miðað við almanaksárið.

A7.3.1 Þátttökuréttur hrossa í kynbótasýningum

Sjá G7.3.1 í FEIF reglum.

A7.3.2 Þátttökuréttur hrossa í keppni

Hreinræktaðir íslenskir hestar, fimm vetra og eldri eru löglegir í keppni. Sönnunar er krafist í formi upprunavottorðs eða samsvarandi vottorðs frá viðkomandi landi. Hestar verða að vera örmerktir til að hægt sé að auðkenna þá.

Á heimsmeistaramótum og öðrum alþjóðlegum mótum skulu hestar vera minnst 6 vetra gamlir.

- a. Fimm vetra gamall hestur má einungis hefja keppni einu sinni á dag.
- b. Sex vetra hestur má hefja keppni tvisvar á einum degi.
- c. Sjö vetra og eldri hestur má hefja keppni þrisvar sinnum á dag.
- d. Sérhver forkeppni eða úrslit teljast vera „hafin keppni“.
- e. Í gæðingaskeiði, 100m skeiði og skeiðkappreiðum (250m og 150m) teljast 2 sprettir vera ein hafin keppni. Einn sprettur í 100m skeiði og skeiðkappreiðum (250m og 150m) telst einnig vera ein hafin keppni.
- f. Hestum er heimilt að keppa oft en einu sinni í sömu grein ef það er í öðrum aldursflokki.

Það er á valdi mótshaldara að athuga aldur hrossa. Hafi knapi hunsað regluna og lokið keppni í viðbótargrein, skal dæma knapann úr keppni í þeirri grein.



ALMENNAR REGLUR UM KEPPNI

A8 Reiðtygi

Hnakkar og beisli skulu henta íslenskum hestum. Eftirfarandi reglur gilda á öllu mótssvæðinu meðan á mótinu stendur.

A8.1 Hnakkar

Í grundvallaratriðum eru allir hnakkar og hnakkdýnur sem henta íslenska hestinum leyfðar. Viðurkenndur útbúnaður felur einnig í sér gjörð, ístöð, hlífðardýnu, hnakkklæði/hnakkdýnu, forgjörð, reiða, ístaðsupphengjur og ól á hnakknefi. Hnakkurinn skal vera staðsettur þannig að meirihluti gjarðar hvíli á bringubeininu. Hnakkurinn skal staðsettur þannig á standandi hesti að hann hvorki sitji á herðum hestsins né að þungi hans hvíli á spjaldhryggsvæði hestsins. Sé hnakkur ragnt staðsettur kann parið að hljóta viðurlög samkvæmt viðeigandi keppnisreglum.

A8.2 Mél og Beislabúnaður

Einungis er heimilt að nota þann beislabúnað sem listaður er á heimasíðu FEIF og í íslenskri reglugerð um velferð hrossa 910/2014.

Keðja og/eða nefól reiðmúls má ekki vera of þétt hert. Allar gerðir reiðmúla skulu stilltir þannig að bil milli nefólar og miðju neflínu hestsins sé a.m.k. 1,5 cm. Mæla skal hversu þétt reiðmúll er hertur með þar til gerðu mælitæki (e. Noseband Taper Gauge), sem skal auðveldlega komast á milli reiðmúls og neflínu hestsins. Komi í ljós að keðja og/eða reiðmúll sé of þétt hertur, má veita áminningu og keppnisparið kann að hljóta viðurlög samkvæmt viðeigandi keppnisreglum.

A8.2.1 Leyfileg mél og beislabúnaður í kynbótasýningum

Sjá grein G8.2.1 í reglum FEIF

A8.2.2 Leyfileg mél og beislabúnaður í íþróttakeppni

Heimilt er að nota þann beislabúnað sem listaður er á heimasíðu FEIF enda henti hann hestinum og er notaður á réttan hátt. Engu má bæta við mél öðru en hringjahlífum og keðjuhlífum og ekkert annað má vera í munnnum hestsins. Reiðmúll, ennisól, kverkól og taumur eru hluti af beislabúnaði.

Ákvörðun yfirdómara um notkun hvers kyns méla eða beislabúnaðar á tilteknu móti er endanleg fyrir það ákveðna mót.

A8.2.3 Leyfileg mél og beislabúnaður

Öll mél og beislabúnaður sem ekki er að finna á lista yfir leyfileg mél og beislabúnað á heimasíðu FEIF eru skilgreind sem óleyfileg mél og beislabúnaður.

Til að bæta við eða fjarlægja sérstök mél og/eða beislabúnaði á lista yfir leyfileg mél og beislabúnað, geta sportfulltrúar hvers lands, meðlimir íþróttarnefndar FEIF og alþjóðlegir íþróttadómarar FEIF lagt fram tillögur til búnaðarnefndar FEIF. Greinileg lýsing, skýr mynd og gildur rökstuðningur skal fylgja slíkri beiðni. Búnaðarnefnd FEIF er skipuð einum fulltrúa úr íþróttarnefnd, einum úr kynbótarnefnd og einum aðila frá stjórn FEIF. Búnaðarnefnd FEIF fer yfir slíkar tillögur og breytingar skulu birtar 1. apríl ár hvert, nema í þeim tilvikum þegar ákvörðun viðkomandi yfirvalds kallar á tafarlaus viðbrögð. Í slíkum tilvikum skal nefndin vera samhljóða í álitinu og álitinu skal samþykkt af stjórn FEIF.



ALMENNAR REGLUR UM KEPPNI

A8.3 Járningar

A8.3.1 Járning hesta í kynbótasýningum

Sjá grein G8.2.1 í reglum FEIF

A8.3.2 Járning keppnishesta

A8.3.2.1 Lengd hófa

Járning skal vera eins vönduð og hægt er og tálína má ekki vera brotin, þ.e. halli hófs og kjúku skal vera sá sami. Hóflengd skal vera eðlileg og ekki meiri en 9,0 cm. Undantekningu má gera ef fyrir liggur skrifleg sönnun þess t.d. frá dýralækni eða kynbótasýningu um að hesturinn sé 145 cm eða hærrí á herðakamb á stangarmáli, en í því tilviki má lengd hófa vera allt að 9,5 cm. Allar lengingar á hófi með gerfiefnum eru bannaðar. Botnar/kransar/hringir eru leyfðir og eru ekki mældir með hóf.

A8.3.2.2 Skeifur (hefðbundar skeifur úr járn)

Ef hestur er járnaður skal hann járnaður á öllum fjórum fótum. Einungis er heimilt að nota skeifur sem sérstaklega eru gerðar til þess að þjóna sem skeifur fyrir hesta. Allar skeifur skulu vera opnar að aftan. Allar fjórar skeifur skulu vera úr sama efni. Nota má skeifur annarar gerðar en úr járnri ef þyngd þeirra er ekki meiri en venjulegrar járnскеifur sömu stærðar. Skeifan má að hámarki vera 10,0 mm að þykkt og 23,0 mm á breidd og skal vera jöfn að lögun.

Stærð skeifu

Stærð skeifu verður að fylgja stærð og lögun hófsins.

Staðsetning skeifu

Skeifan má ekki fara fram fyrir eðlilega tálínu hófsins og ekki aftar en lóðrétt lína dregin niður af þófa/hæl.

Skaflar

Leyfðir eru tveir venjulegir skaflar á hverja skeifu, hnykkir, soðnir eða skrúfaðir, einn á hvorn hæl skeifunnar. Skafl má ekki vera stærri en: 15 x 15 x 12 mm (l x b x h) og má ekki vera festur með meira en 4 suðupunktum. Hafi skaflar brodd (karbít), má hann ekki ná meira en 3 mm niður fyrir skaflinn.

Uppslættir

Leyfðir eru að hámarki þrjú uppslættir, hver að hámarki 2 mm að þykkt á hverja skeifu. Ásoðnir uppslættir eru ekki leyfðir.

Ásuður og pottanir

Ásuður og pottanir eru ekki leyfðar.

Leður- og gerviefnahringir og botnar

Nota má hringi úr leðri og gerviefni milli hófs og skeifu, sem skulu fylgja lögun skeifunnar, og mega vera að hámarki 5 mm þykkir. Sé botn og/eða fyllingarefni notað má skeifa ekki vera þykkri en 8,0 mm, annars má skeifa vera að hámarki 10 mm að þykkt. Einungis er heimilt að nota einn hring eða botn eða fleyg á hvern fót. Þegar enginn botn er notaður (eða bara net), er leyfilegt að fylla hófinn sem samsvarar þykkt skeifunnar. Styrkingar, sem stuðla að réttri virkni botnsins/hringsins eru leyfilegar.

Fleygbotnar eru heimilir, þeir mega að hámarki vera 8 mm þykkir á hæl og að hámarki 2 mm í tá, enda sé halli hófs réttur miðað við kjúku og tálína í réttri lengd.

Hringur má hafa eina brú/tengingu, sem má ekki vera breiðari en 23,0 mm til að loka hringnum. Hringur telst vera botn ef það er einhver önnur tenging á milli hliðanna. Hringir eru leyfðir með skeifum allt að 10 mm þykkum.

Þetta gildir einnig ef tengingin er úr ofnu efni. Styrkingar til að halda hringnum á sínum stað undir skeifunni eru leyfðar. Um leið og komið er fylliefni í hófinn (að skeifunni meðtaldri) gilda reglur um botna, jafnvel þó botnar séu ekki notaðir. Ákvörðun dómara um lögmæti hrings eða botns á tilteknu móti er endanleg fyrir það tiltekna mót.

Bannaðar skeifur, hringir og botnar

Þær skeifur, hringir eða botnar sem greinilega eru ekki framleiddir í þeim tilgangi að notast fyrir reiðhesta eru bannaðir.



ALMENNAR REGLUR UM KEPPNI

A8.3.2.3 Aðrar tegundir af skeifum (aðrar en skeifur úr járni)

Aðrar tegundir af áföstum skeifum eru leyfðar án fyllingar svo lengi sem þær eru ekki þyngri en venjulegar skeifur úr járni af sömu stærð. Ef skeifan er límd við hófinn þarf önnur samskonar skeifa að vera til taks til skoðunar við búnaðarskoðun.

Aðrar tegundir af áföstum skeifum skulu notaðar eins og þær eru framleiddar án breytinga.

Aðrar tegundir af áföstum skeifum skulu hlíta sömu reglum hvað varðar lögun og staðsetningu á hófi.

A8.3.2.4 Endurjárning

Ekki má járna hest aftur, eftir að hann hefur hafið keppni í sinni fyrstu grein, nema með leyfi yfirdómara.

A8.4 Aukabúnaður

- *Aðeins er heimilt er að nota þann búnað sem er á lista FEIF yfir leyfilegan búnað.*
- *Gúmmíteygjur til að skipta faxi hesta eru heimilar.*
- *Á veturna er heimilt í öryggisskyni að nota botna með „snjógripi“ (botnar með auka gripi til að nota á sleipu yfirborði), til viðbótar við ísfjaðrir og skafla sem uppfylla reglur sem gerðar eru til skafla. Botnar skulu að öðru leyti uppfylla kröfur sem gerðar eru til slíkra botna úr leðri eða plasti.*
- *Ekki er heimilt að nota eyrnatappa*
- *Heimilt er að nota snoppunet ef eftirtalin skilyrði eru uppfyllt: Netið skal vera í hlutlausum lit, ekki klípa hestinn og vera staðsett þannig að mélin séu ávallt sýnileg.*
- *Heimilt er að nota ábreiðu í upphitun.*
- *Heimilt er að nota þann hringteymingabúnað sem er talinn upp í grein 15 Viðauki 8*

A8.4.1 Pískar

Pískur má ekki vera lengri en 120 cm að meðtöldum pískenda. Í skeiðkappreiðum eru pískar bannaðir en þó er heimilt að nota písk í upphitun fyrir skeiðkappreiðar. Knapí má einungis nota einn písk í einu.

A8.5 Hlífðarbúnaður

Ekki er heimilt að setja meiri þyngd á fætur en nauðsynlegt er til verndar.

A8.5.1 Hlífðarbúnaður í kynbótasýningum

Sjá grein G8.5.1 í reglum FEIF

A8.5.2 Hlífðarbúnaður í íþróttakeppni

Leyfðar eru hlífar, fyrir ofan hófbotn að hámarki 250 gr á hvern fót. Ekki má breyta hlífðarbúnaði frá því að komið er inn á hringvöllinn þar til sýningu er lokið.

Ef hlíf fellur af í forkeppni skal knapinn ákveða hvort hann lýkur sýningu án hlífarinnar eða hættir keppni.

Hlíf sem fellur af á meðan á úrslitum stendur má setja á aftur með leyfi dómara á meðan einkunnir eru lesnar upp á milli atriða eða á milli skeiðspretta í fimmgangi. Sama á við í fimmgangsforkeppni þar sem fleiri en einn hestur eru inn á í einu. Þá má setja hlíf á aftur á milli skeiðspretta með leyfi dómara.

Notkun verndandi gels eða áburðar (e. liquid bandage) er heimil. Búnaður þessi sem staðsettur er á fæti ofan hófbotns skal talinn vera 50 gr. að þyngd, án tillits til raunverulegrar þyngdar. Ef grunur er um að raunveruleg þyngd þessa búnaðar sé meiri en 50 gr. þannig að heildarþyngd hlífðarbúnaðar ofan hófbotns sé meiri en 250 gr. á hvorum fæti fyrir sig, má fyrirskipa að búnaðurinn verði fjarlægður.



ALMENNAR REGLUR UM KEPPNI

A8.5.2.1 Járninga- og hlífaskoðun

Skoðun á járningum og hlífum er á ábyrgð dómara. Ef ekki er um opinbera, kerfisbundna fótaskoðun að ræða skal gefa knöpum kost á að fá járningar og hlífar skoðaðar fyrir upphaf keppni. Á meðan á keppni stendur, geta starfsmenn vallarins skoðað reiðtygi um leið og hver hestur yfirgefur völl eftir að hafa lokið keppni. Ef ekki er um kerfisbundna skoðun að ræða, skal taka tilviljunarkennt úrtak úr ráslista og skoða hjá þeim. Þá skal einnig ávallt skoða einn af efstu þremur hestum í hverri keppnisgrein og skal dregið um hver þeirra kemur til skoðunar. Knapar skulu vera undir það búnir að draga undan hesti sínum, séu þeir dregnir út til fótaskoðunar.

Leiki minnsti vafi á því að mati dómara að reglur um járningar eða hlífar hafi verið brotnar, getur hvaða dómari sem er farið fram á sérstaka skoðun. Einn eða fleiri dómarar sem valdir hafa verið til þessara starfa, framkvæma skoðunina. Knapinn og dómarar geta farið fram á aðstoð mótsjárningamanns eða mótsdýralæknis. Dómararnir skera úr um hvort járning og/eða hlífar uppfylli reglugerð. Þeir geta farið fram á að skeifa sé fjarlægð og sett undir að nýju. Knapi hefur ekki rétt á að fara fram á bætur. Ef mótsjárningamaður fjarlægir skeifu skal kostnaður greiddur af mótshöldurum, annars er kostnaður á ábyrgð þess knapa sem í hlut á.

Dómurum er heimilt að velja hesta sem járnaðir eru á botna til skoðunar (einn eða fleiri botnar eru þá fjarlægðir til skoðunar).

Venjulega skal ekki fjarlægja skeifur af sama hestinum oftár en einu sinni á sama móti. Hestar, sem hafa verið dregnir út eða teknir út til skoðunar, má járna aftur en aðeins undir eftirliti yfirdómara eða fulltrúa hans. Knapinn sem í hlut á hefur engan rétt á að fara fram á bætur. Fari knapi ekki að fyrirælu dómara verður hesturinn útilokaður frá allri þátttöku á viðkomandi móti.



ALMENNAR REGLUR UM KEPPNI

A9 Vellir

Allar FEIF íþróttakeppnisgreinar skulu fara fram á viðurkenndum völlum; hringvelli, skeiðvelli eða fimivelli eftir því sem segir í reglugerð um viðeigandi greinar. Vellirnir þurfa að uppfylla skilyrði sem koma fram í reglum þessum. Við inngang allra vallanna skal vera svæði þar sem knapar geta undirbúið hest sinn fyrir keppni sem og upphitunarhringur fyrir keppnisparið.

A9.1 Vellir fyrir kynbótasýningar

Sjá grein G9.1 í reglum FEIF

A9.2 Vellir fyrir íþróttakeppnisgreinar

A9.2.1 Hringvellir og lýsing á velli

Allar keppnisgreinar sem fara fram á hringvelli verða að fara fram á hringvelli sem uppfyllir skilyrði og mál sýnd á teikningum í gr. Í17 fyrir 4m og 6m velli. Þegar fleiri en einn knapi eru á vellinum og sýna samkvæmt fyrir mælum þular, eru tímamörk hvers atriðis ákveðin af Íþróttanefnd FEIF eins og þau eru birt í gr. Í14.

Völlurinn skal vera jafn og undirlag stöðugt, 250 m langur. Ytra ummál skal vera 271,69 m og innanmál 246,56 m, 4,00 m breiður. Innri radius beygjanna skal vera 13 m. Lengd langhliðar (á milli beygja) skal vera 70,44 m, lengd skammhliðar (á milli beygja) skal vera 12 m. Lágmarks vatnshalli að innri hlið vallar skal vera 1,5%. Girðingar skulu vera lágar og hvorki trúfla keppendur né dómara.

Vísað er til teikninga um önnur mál.

Upphaf og endi langhliða skal merkja greinilega.

[Íslensk sérregla] Allir vellir sem hafa verið notaðir fyrir íslenskt mótahald til ársins 2022 teljast löglegir.

A9.2.2 Skeiðbraut og lýsing á völlum

Völlurinn skal vera beinn; með góðu aðgengilegu reiðsvæði að ráslínu og fullnægjandi og öruggri beinni framlengingu á vellinum eftir marklínu, jafn, með stöðugu undirlagi og verður að vera a.m.k. tveggja metra breiður fyrir hvern hest. Halli á 100 metrum má ekki fara yfir 0,2%. Girðing skal ná a.m.k. 10 m lengra en endamark. Báðar hliðar vallarins skulu vera afmarkaðar nákvæmlega á brún vallarins.

Að auki skal á annarri hliðinni vera önnur girðing um það bil 5-10 m frá þeirri fyrri þar sem áhorfendur geta staðið á meðan á kappreiðum stendur. Með 50 m millibili skal vera merking sem gott er að sjá, án þess að hún trúfli. Yfirdómari verður að samþykkja völlinn.

Skeiðbraut skal vera bein, með góðu aðgengilegu reiðsvæði að ráslínu og fullnægjandi og öruggri beinni framlengingu á vellinum í framhaldi af marklínu, jöfn, með stöðugu undirlagi og vera að minnsta kosti 4 m breið. Skeiðbraut má nota fyrir gæðingaskeið með viðeigandi merkingum samanber teikningar í grein Í17.7 (viðauki 10).

A9.2.3 Keppnisvellir á heimsmeistaramótum

Sjá gr. A9.2.3 í reglum FEIF.



ALMENNAR REGLUR UM KEPPNI

A10 Andmæla- og agareglur

A10.1 Almennar grundvallarreglur

1. Ákvarðanir teknar af úrskurðarnefnd FEIF (e. FEIF Arbitration Committee) og áfrýjunarnefnd FEIF (e. FEIF Arbitration Council) varðandi áfrýjanir og dóma eru endanlegar.
2. Að svo miklu leyti sem álitæfni heyrir undir lögsögu úrskurðarnefnda í heimaríkinu er ákvörðun þeirra endanleg.
3. Enginn sá sem hefur einhver tengsl eða hefur einhverra hagsmuna að gæta, skal taka þátt í meðferð mála eða ákvarðanatöku varðandi agamál.

Áfrýjunardómstóll FEIF (e. FEIF Arbitration Council) er skipaður samkvæmt 5. kafla laga FEIF (e. Statutes) og er lögsaga hans eins og þar segir. Úrskurðarnefnd FEIF er skipuð 3 aðilum.

Stjórn FEIF getur skotið til úrskurðarnefndar eða áfrýjunardómstóls FEIF, málum sem varða brot starfsmanna FEIF á lögum og reglum FEIF.

Öll önnur aga- og úrskurðarmál heyra undir lögsögu heimaríkjanna og skulu meðhöndluð af heimaríkjunum samkvæmt lögum þess og reglum.²

A10.2 Úrskurðarnefnd

Komi upp ágreiningur á móti skal úrskurðarnefnd³ skera úr ágreiningi, en hún skal skipuð þannig:

A10.2.1 Kynbótasýningar

Sjá G10.2.1 í reglum FEIF.

A10.2.2 Íþróttakeppni⁴

1. Mótsstjóra eða fulltrúa hans, áður tilnefndur af honum
2. Meðlimi framkvæmdanefndar
3. Yfirdómara eða meðlimi dómarastarfsliðs, áður tilnefndur af honum
4. Formanni keppnisnefndar LH eða fulltrúa hans, áður tilnefndur af honum. Á mótum sem ekki eru WorldRanking mót, þarf ekki að tilnefna þennan aðila
5. Talsmanni knapa, kosinn fyrir upphaf keppni af virkum keppendum. Ef finna þarf staðgengil knapa tekur knapinn með næstflest atkvæði úr kosningunni hans sæti.

A10.2.3 Heimsmeistaramót

1. Framkvæmdastjóri mótsins eða fulltrúi áður tilnefndur af honum
2. Meðlimur framkvæmdanefndar
3. Yfirdómari eða meðlimur dómarastarfsliðs, áður tilnefndur af honum
4. Fulltrúi íþróttanefndar eða kynbótanefndar FEIF (e. sport or breeding representative of FEIF) eða fulltrúi þessara nefnda áður tilnefndur af þeim
5. Talsmaður knapa, kosinn fyrir upphaf keppni af talsmönnum liðanna (einn úr hverju liði). Þurfi staðgengil talsmanns knapa skal velja þann knapa sem hlaut næstflestu atkvæði úr kosningunni um talsmaðnn knapa. Tilnefndir fulltrúar eða meðlimir mega aðeins taka þátt í fundum úrskurðarnefndar samkvæmt almennum reglum eða ef staðgengill kemst ekki á fundinn.

A10.3 Reglur um yfirdómnefnd og aganefnd á fyrsta dómstigi

Eftirfarandi reglur gilda um úrskurðarnefndir á heimsmeistaramótum og skulu einnig gilda sem lágmarkskröfur varðandi reglur um úrskurðar- eða aganefndir á fyrsta dómstigi í landi aðildarríkis.⁵

Allar tilvísanir í þessum reglum til dómnefnda á fyrsta dómstigi skulu einnig eiga við um aganefndir á fyrsta dómstigi. Sérhver aðili sem hefur hagsmuna að gæta er heimilt að leggja fram skriflega kæru til úrskurðarnefndar. Skriflega kæru skal leggja fram innan 24 klukkustunda⁶ frá því tímamarki að kæranda var kunnugt um eða hefði mátt vera kunnugt um um atvik eða framkvæmd, sem hann telur að brjóti á réttindum sínum eða hagsmunum. Í kæru skulu koma fram

2) Um íslenskar aga- og úrskurðarreglur sjá [Reglur LH um úrskurðarnefndir og dómstól ÍSÍ]

3) Á Íslandi er það yfirdómnefnd, sjá [Reglur LH um úrskurðarnefndir og dómstól ÍSÍ]

4) Sjá íslenskar aga- og úrskurðarreglur - [Reglur LH um úrskurðarnefndir og dómstól ÍSÍ]

5) Sjá Reglur LH um úrskurðarnefndir og dómstól ÍSÍ

6) Vegna annarra atvika en þeirra sem eiga sér stað á yfirstandandi íþróttamóti eða sýningu. Kærur vegna brota sem eiga sér stað á yfirstandi móti skulu lagðar innan 30 mínútna frá því að atvik á sér stað samanber reglu A10.3.1



ALMENNAR REGLUR UM KEPPNI

upplýsingar um kæranda, þann sem kæra beinist að, lýsing á hinu kærða atviki og sönnunargögn sem styðja lýsingu kæranda. Með kæru mega fylgja hver þau gögn sem kærandi telur að styði við framkomna kæru. Kæru og fylgigögn skal senda í tvíriti til úrskurðarnefndar.

Þeim sem kæra beinist að eða fulltrúa hans skal án tafar tilkynnt um framkomna kæru. Úrskurðarnefnd skal ákveða tíma og stað þar sem kæra verður tekin fyrir og tilkynna það aðilum með hæfilegum fyrirvara. Úrskurðarnefnd skal gefa hinum kærða eða fulltrúa hans kost á því að tjá sig um framkomna kæru og leggja fram sönnunargögn eða önnur gögn. Hinum kærða er frjálst að ákveða hvort hann kys að leggja athugasemdir sína fram munnlega eða skriflega. Úrskurðarnefndin getur aflað sönnunarganga að eigin frumkvæði og getur krafist upplýsinga frá þeim aðilum sem geta upplýst atvik máls. Úrskurðarnefnd getur stefnt vitni til að mæta og gefa skýrslu, að eigin frumkvæði eða að kröfu aðila. Aðili sem óskar eftir töku skýrslu af vitni, skal rökstyðja með ýtarlegum hætti hvaða staðreyndir eða önnur atriði hann telur að vitni geti borið um.

Mæti kærandi ekki á þeim tíma sem kæra hans er tekin fyrir hjá úrskurðarnefnd, er nefndinni rétt að líta þannig á að hann hafi fallið frá kæru sinni.

Meðferð mála fyrir úrskurðarnefnd fer fram munnlega. Fundargerð skal rituð og skal hún innihalda a.m.k. eftirfarandi upplýsingar um: Meðlimi úrskurðarnefndar, stað og tíma sem málsmeðferð fer fram, þá aðila sem eru mættir og athugasemdir og ákvarðanir nefndarinnar. Málsmeðferð fyrir úrskurðarnefnd skal fara fram fyrir opnum tjöldum. Yfirdómari eða forseti stýrir málsmeðferð úrskurðarnefndar. Kærandi eða fulltrúa hans skal gefið tækifæri til að tjá sig stuttlega um athugasemdir hins kærða og hinum kærða skal að sama skapi gefið tækifæri til að tjá sig stuttlega um athugasemdir kæranda.

Nefndin skal semja álit sitt í einrúmi. Sérhver nefndarmaður skal taka ákvörðun og rökstyðja hana. Einfaldur meirihluti nefndarmanna ræður niðurstöðu máls. Séu atkvæði jöfn, hefur atkvæði yfirdómara eða forseta tvöfalt vægi. Úrskurðarnefnd skal kveðja upp endanlegan úrskurð innan 24 klst. frá því að kæra er tekin fyrir. Ákvörðun skal vera rökstudd og tilkynnt aðilum skriflega án tafar. Ákvörðun skal send framkvæmdastjóra FEIF eða viðeigandi deildar FEIF og innihalda upplýsingar um frá hvaða landi aðili er sem fær áminningu eða viðurlög. Viðkomandi aðili má áfrýja ákvörðun úrskurðarnefndar sem leggur á áminningu eða viðurlög til áfrýjunarnefndar innan tveggja vikna.

A10.3.1 Kæurur á mótum

Hver sá sem telur sig órétti beittan vegna illa upp settrar dagskrár móts eða á lögum og reglum FEIF hefur rétt til að leggja inn kæru; hið sama gildir um alla dómara, skipuleggjanda eða mótsstjóra. Á HM hefur einnig hver liðsstjóri sérstakan rétt til kæra.

Kæurur vegna ákvarðana dómara geta einungis verið byggðar á því að reglur þessar hafi verið brotnar eða brot gegn reglum um óhlutdrægni.

Kæru þarf að leggja fram skriflega til mótsstjóra í síðasta lagi hálf tíma eftir lok hlutaðeigandi keppnisgreinar, ásamt tryggingu að upphæð kr. 28.000, þar af skulu 7.000 kr. ávallt vera óendurkræfar.

Kæurur vegna dagskrar móts eða framkvæmd keppnisgreinar þarf að leggja fram fyrir upphaf móts eða viðeigandi greinar. Endurkræfur hluti tryggingar skal endurgreiddur ef viðurkennt er að fullgildar ástæður hafi verið fyrir kærinni.



ALMENNAR REGLUR UM KEPPNI

A10.4 Áfrýjun til áfrýjunarnefndar FEIF

Sjá G10.6 í reglum FEIF.

A10.5 Áfrýjun í heimaríki

Áfrýjun úrskurðar í heimaríkinu skal fara fram innan þeirra tímamarka sem kveðið er á um í reglum heimaríkis. Reglur um málsmeðferð skulu einnig koma í reglum heimaríkisins. Dæmt úr keppni og agaviðmið.

Sjá íslenskar agareglur í reglum um Úrskurðar- og aganefnd í reglugerð um mótahald á Íslandi.

A10.6 Hagsmunárekstrar í kynbótasýningum

Sjá G10.6 í reglum FEIF.

A11 Viðauki 1 - Siðareglur

A11.1 Siðareglur fyrir dómara á WorldRanking mótum

Með því að taka að sér að dæma á WorldRanking mótum þá samþykkir viðkomandi dómari að starfa samkvæmt neðangreindum viðmiðunum:

- Dómari skal leitast við að hafa hlutlausa, sjálfstæða og sanngjarna afstöðu gagnvart knöpum, eigendum, þjálfurum, skipuleggjendum og öðrum starfsmönnum og getað unnið í teymi. Hvorki fjárhagslegir og/eða persónulegir hagsmunir skulu hafa eða vera álitnir hafa áhrif á dómstörf þeirra.*
- Dómari skal forðast alla raunverulega eða ætlaða hagsmunárekstra. Atriði sem leiða til eða geta leitt til þess að hagsmunárekstur sé talinn vera til staðar eru m.a. eftirtalin atriði (ekki er um tæmandi lista að ræða):*
 - Þjálfar/æfir hest/knapa á meðan móti stendur eða á síðustu tveimur dögum áður en mót hefst.*
 - Dæmir keppnisgrein þar sem hann er eigandi/eigandi hlutar í hesti sem tekur þátt.*
 - Er fjárhagslega háður eða hefur fjárhagslegan ávinning af árangri eigenda, knapa, þjálfara, skipuleggjenda eða annarra tengdra aðila.*
 - Er í nánum persónulegum tengslum við keppanda. Dómari skal ekki dæma flokka þar sem maki, börn, systkini eða foreldrar eru að keppa.*
 - Óviðeigandi notkun á samfélagsmiðlum eða öðrum miðlum, áður, á meðan og eftir mót.*
- Dómari skal upplýsa yfirdómara og mótshaldara um hugsanlega hagsmunárekstra eða aðstæður sem gætu gefið tilefni til ætlaðra hagsmunárekstra.*
- Á meðan móti stendur skal dómari vera stundvís og haga sér á öllum stundum á faglegan hátt. Dómari skal vera vel undirbúinn til að dæma þær keppnisgreinar sem hann dæmir og skal starfa vel með framkvæmdaraðila, meðdómendum og öðrum starfsmönnum. Dómari skal ekki neita áfengis fyrr en eftir að hann hefur lokið dómstörfum viðkomandi dag og skal halda notkun farsíma og annarra fjarskiptatækja í lágmarki.*

Með því að samþykkja að dæma á WorldRanking móti, samþykkir dómari þessi viðmið og gerir sér grein fyrir því að FEIF má beita agaviðurlögum gagnvart dómurum sem fara ekki eftir þessum siðareglum. Viðurlög geta m.a. falið í sér: (1) Skriflega áminningu (2) Tímabunda brottvikningu og (3) Dómari er tekinn af lista FEIF yfir alþjóðlega dómara.

A11.2 Siðareglur fyrir dómara á Heimsmeistaramótum

Sjá grein G11.2 í reglum FEIF.